Hér á eftir er fjallað um áætlaðar breytingar á tekjum, gjöldum, lánsfjármálum og sjóðstreymi ríkissjóðs miðað við fjárlög 2011 og þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu.

## 1 Tekjur A–hluta

Í þessum kafla er fjallað um endurskoðaðar tekjuhorfur fyrir árið 2011 frá tekjuáætlun fjárlaga en sú endurskoðun fór fram samhliða gerð tekjuáætlunar fyrir fjárlagafrumvarp ársins 2012.

**Tekjuhorfur 2011.** Útlit er fyrir að tekjuáætlun ársins 2011 muni ganga eftir og ríflega það. Á fyrstu átta mánuðum ársins eru innheimtar tekjur 3,8% yfir áætluðum tekjum tímabilsins. Sú niðurstaða gefur fullt tilefni til að hækka tekjuáætlun ársins í heild um ríflega 10 mia.kr. í frumvarpi til fjáraukalaga. Þar af hækka frumtekjur um 9,3 mia.kr. og vaxtatekjur um 0,8 mia.kr. Gangi sú áætlun eftir munu frumtekjur á greiðslugrunni nema 27,0% af landsframleiðslu yfirstandandi árs í stað 26,6% í áætlun fjárlaga. Á heildina litið hafa því þau markmið sem tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 2011 var ætlað að ná gengið eftir þótt frávik séu í báðar áttir innbyrðis á milli tekjustofna.

Þeim forsendum sem byggt er á við endurmat tekjuáætlunar fjárlaga má einkum skipta í þrjá þætti. Í fyrsta lagi er niðurstaða ríkisreiknings fyrir árið 2010 sem lá fyrir undir lok júlí sl., í öðru lagi endurskoðuð þjóðhagsspá Hagstofunnar fyrir árið 2011 frá 8. júlí sl. og í þriðja lagi eru upplýsingar um álagningu og innheimtu skatta og annarra tekna á fyrstu átta mánuðum ársins. Af þessum þáttum vega innheimtuupplýsingar þyngst í tilviki flestra skatta, enda er þar um áreiðanlegar upplýsingar að ræða um þróunina á fyrstu tveimur þriðjungum ársins á greiðslugrunni. Við endurskoðun fjárlagaáætlunar á greiðslugrunni er einkum tekið mið af þeim upplýsingum og áætlun gerð um mánaðarlega innheimtu til

ársloka. Áætlun á rekstrargrunni er síðan í flestum tilvikum byggð á greiðslugrunns-áætluninni auk upplýsinga um álagningu ársins og eftir atvikum öðrum gögnum.

Tekjur ríkissjóðs samkvæmt uppgjöri ríkisreiknings urðu 478,7 mia.kr. á árinu 2010 sem er 1 mia.kr. meira en í áætlun fjárukalaga síðasta árs á rekstrargrunni. Á greiðslugrunni varð útkoman 4 mia.kr. hærri en áætlunin. Frávik í einstökum liðum frá áætlun 2010 hafa í flestum tilvikum sjálfkrafa nokkur áhrif á áætlun ársins 2011 á rekstrargrunni.

	Fjárlög 2011 <sup>1</sup>	Áætlun 2011 <sup>2</sup>	Breyting frá fjárlögum
<b>I. Helstu þjóðhagsstærðir, magnbreytingar - %</b>			
Einkaneysla .....	2,6	3,1	0,5
Samneysla .....	-4,3	-2,6	1,7
Fjárfesting .....	14,9	15,0	0,1
Þjóðarútgjöld alls .....	2,4	3,5	1,1
Útflutningur vöru og þjónustu .....	1,0	2,1	1,1
Innflutningur vöru og þjónustu .....	2,0	3,8	1,8
Verg landsframleiðsla .....	1,9	2,5	0,6
Viðskiptajöfnuður, % af landsframleiðslu .....	-3,7	-7,5	-3,8
<b>II. Launa- og verðlagsforsendur, meðalbreytingar - %</b>			
Ráðstöfunartekjur á mann .....	6,5	7,3	0,8
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann .....	4,1	3,3	-0,8
Vísitala neysluverðs .....	2,3	3,9	1,6
Gengisvísitala .....	-2,1	1,1	3,2
Atvinnuleysi, hlutfall af mannafla .....	7,3	7,2	-0,1
<b>III. Verg landsframleiðsla að nafnvirði (mia.kr.)</b>			
Verg landsframleiðsla á verðlagi ársins 2011 .....	1.628,8	1.641,2	.

<sup>1</sup> Þjóðhagsspá Hagstofu í nóvember 2010.

<sup>2</sup> Þjóðhagsspá Hagstofu í júlí 2011.

Í forsendum fjárlaga fyrir árið 2011 var spáð 1,9% hagvexti og 2,3% verðbólgu að meðaltali milli árána 2010 og 2011. Miðað við júlispá Hagstofunnar mun hagþróunin verða heldur betri en verðbólga meiri og er nú spáð 3,9% verðbólgu að jafnaði milli árána 2010 og 2011. Ein meginbreytingin frá fyrri forsendum felst í þeim kjarasamningum sem gerðir hafa verið á vinnumarkaði síðan í maí. Launahækkanir í upphafi samningstímans eru meiri en ráð var fyrir gert og hækkanir á samningstímabilinu í heild eru einnig heldur meiri. Hagstofan hefur einnig endurskoðað mat sitt á vinnuafleifirspurn á árinu og telur að hún muni aukast um 2,1% í stað 0,8% milli ára. Þá er rétt að nefna að margir sóttu um að taka út séreignarsparnað á fyrsta fjórðungi ársins og verður sú viðbót við tekjuskattsstofn ársins

meiri en ætlað var. Þetta leiðir til hækkunar á fyrri áætlunum um stofna tekjuskatts einstaklinga og tryggingagjalda og er útlit fyrir ágætan vöxt þeirra á árinu, eftir því sem næst kyrrstöðu þeirra beggja að nafnvirði á árinu 2010. Aukin verðbólga leiðir þó til þess að kaupmáttur ráðstöfunartekna í heild er nú talinn aukast minna milli ára en áður eða um 3,3% í stað 3,6% í fyrri spá. Þá hefur vöxtur einkaneyslu verið endurmetinn upp á við, úr 2,6% í 3,1%. Óbeinir skattar eru aftur á móti nú taldir skila ríkissjóði 3,6 mia.kr. minni tekjum en í áætlun fjárlaga og skýrist það af fleiri þáttum en hinum almennu þjóðhagsforsendum eins og fram kemur í umfjölluninni hér á eftir.

**Skattar á tekjur og hagnað.** Betri horfur um skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2011 má að mestu leyti rekja til meiri launabreytinga, sem skýrist m.a. af kjarasamningum ársins eins og að framan greinir. Mun meira hefur skilað sér í ríkissjóð af fjármagnstekjuskatti en áætlað hafði verið á tímabilinu janúar til ágúst en stór hluti hans kemur jafnan til endurgreiðslu í október og því ennþá talverð óvissa um endanlegar tekjur af honum. Áætlun um fjármagnstekjuskatt er þó hækkuð sem svarar að hluta til þess frávíks sem orðið er í innheimtu, eða um 3,5 mia.kr. á greiðslugrunni og 5,0 mia.kr. á rekstrargrunni. Er þá einnig litið til mikillar hækkunar í ríkisreikningi fyrir árið 2010. Áætlun um tekjuskatt lögaðila er lækkuð um 1,7 mia.kr. á rekstrargrunni og er það byggt á niðurstöðu ríkisreiknings 2010. Áætlun á greiðslugrunni er óbreytt en vænta má endurmats í nóvember þegar álagning á hagnað lögaðila á árinu 2010 liggur fyrir.

**Tryggingagjald.** Gert er ráð fyrir að stofn tryggingagjalds muni vaxa talsvert meira en í forsendum fjárlaga, eða um 6,6% sem skýrist af meiri launabreytingum en reiknað var með í forsendum fjárlaga. Hér er um þriðja stærsta tekjustofn ríkissjóðs að ræða og er tekjuáætlun ársins hækkuð um 2,3 mia.kr. vegna þessa. Álagning tryggingagjalds á laun sem greidd voru á árinu 2010 fer fram í október nk. við álagningu opinberra gjalda á lögaðila.

**Eignarskattar.** Álagning auðlegðarskatts fór fram í annað sinn í júlí sl. Þá var jafnframt í fyrsta sinn lagt á þann hluta stofnsins sem eru eignir í félögum, metnar á markaðsvirði eða verðmæti eigin fjár í félagi. Álagningin nam samtals 6,6 mia.kr. og leiðir til 1,1 mia.kr. hækkunar á áætlun um tekjur af skattinum. Einnig er áætlun um tekjur af stimpilgjöldum hækkuð um 0,3 mia.kr. Áætlun um tekjur af erfðafjárskatti er lækkuð um 750 m.kr. þar sem afar litið hefur verið lagt á og innheimt það sem af er ári. Skýringin er einkum sú að tekjur af erfðafjárskatti urðu óvenjumiklar í árslok 2010 eftir að kynnt voru áform um hækkun skatthlutfallsins úr 5% í 10% í ársbyrjun 2011. Reiknað hafði verið með 55% samdrætti stofnsins milli árána 2010 og 2011 en nú er reiknað með um 70% samdrætti. Greiðslur erfðafjárskatts eru óreglulegar og jafnan mestar á síðustu mánuðum ársins og felur áætlunin í sér að tæp 60% innheimtunnar verði á síðasta þriðjungi ársins. Sveiflurnar má væntanlega einkum rekja til ákvarðana einstaklinga um fyrirframgreiðslu arfs.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2011	Áætlun 2011	Frávik m.kr.	Frávik %
<b>I Skatttekjur .....</b>	<b>431.912</b>	<b>441.404</b>	<b>9.492</b>	<b>2,2</b>
Skattar á tekjur og hagnað .....	147.846	156.446	8.599	5,8
Einstaklingar .....	114.000	124.300	10.300	9,0
Lögaðilar .....	26.400	24.700	-1.700	-6,4
Ótalið annars staðar .....	7.446	7.446	-1	0,0
Tryggingagjöld .....	64.572	66.903	2.331	3,6
Eignarskattar .....	10.658	11.358	700	6,6
Skattar á vörur og þjónustu .....	201.898	199.448	-2.450	-1,2
Virðisaukaskattur .....	132.000	132.300	300	0,2
Aðrir skattar .....	6.937	7.249	312	4,5
<b>II Aðrar rekstrartekjur .....</b>	<b>32.248</b>	<b>32.592</b>	<b>344</b>	<b>1,1</b>
Arðgreiðslur .....	2.226	1.161	-1.065	-47,9
Vaxtatekjur .....	20.701	21.473	772	3,7
Aðrar eignatekjur .....	2.636	3.888	1.252	47,5
Neyslu- og leyfisgjöld.....	5.205	4.540	-666	-12,8
Annað.....	1.480	1.530	50	3,4
<b>III Sala eigna.....</b>	<b>600</b>	<b>600</b>	<b>0</b>	<b>0,0</b>
<b>V Fjárframlög.....</b>	<b>7.704</b>	<b>8.132</b>	<b>428</b>	<b>5,6</b>
<b>Heildartekjur ríkissjóðs .....</b>	<b>472.464</b>	<b>482.727</b>	<b>10.264</b>	<b>2,2</b>
<b>Sjóðshreyfing .....</b>	<b>454.407</b>	<b>464.554</b>	<b>10.147</b>	<b>2,2</b>

**Skattar á vöru og þjónustu.** Áætlað er að skattar á vöru og þjónustu muni skila ríkissjóði 199,4 mia.kr. tekjum á árinu 2011, sem er 2,5 mia.kr. minna en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Áætlun um virðisaukaskatt er hækkuð um 1,0 mia.kr. en innheimta vörugjalda það sem af er ári gefur tilefni til lækkunar frá fyrri áætlun. Innheimta óbeinna skatta er í heild sinni nánast óbreytt að nafnvirði á fyrstu átta mánuðum ársins, þegar leiðrétt hefur verið fyrir áhrifum af viðbótargreiðslufresti aðflutningsgjalda, en frestanir sem gilda út árið 2011 voru lögfestar í maí. Innheimta virðisaukaskatts á fyrstu átta mánuðum ársins er 0,3% undir áætlun. Á síðustu mánuðum ársins er gert ráð fyrir að hún verði lítillaga umfram áætlun í ljósi tímasetningar launahækkana, fjölda erlendra ferðamanna og fleiri þátta. Virðisaukaskattskyld velta hefur dregist mjög mikið saman frá árinu 2008 og var enn lítils háttar raunsamdráttur á fyrri hluta árs 2011. Almenn vörugjöld eru lækkuð um 1,6 mia.kr. sem skýrist nær alfarið af lækkun áætlaðra tekna af kolefnisgjaldi, en við gerð tekjuáætlunar fjárlaga lá ekki fyrir hvort endurgreiðslur kolefnisgjalds yrðu bókfærðar á tekju- eða gjaldahlíð. Þær eru nú færðar á tekjuhlið og eru auk þess óvenjumiklar á árinu 2011 vegna síðbúinna endurgreiðslna allt frá innleiðingu kolefnisgjaldsins í ársbyrjun 2010. Skattstofnar vörugjalda af bensíni og olíu hafa haldið áfram að dragast saman frá fyrra ári en þessir liðir skila þó svipuðum tekjum og í fyrra. Báðir liðir eru 5–6% undir áætlun fjárlaga í janúar–ágúst. Nú er áætlað að samdráttur í sölu bensíns og olíu muni nema 4,7% og



3,7% á árinu í heild en í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að bensínsala ykist um 1,9% og olíusala um 3,1%. Verð bæði bensíns og díselolíu hækkaði á heimsmarkaði á fyrstu mánuðum ársins og hefur verið að jafnaði um 17% hærra á árinu en það var við gerð áætlunar fjárlaga í nóvember sl., og er líklegt að samdráttur eftirspurnarinnar sé að einhverju leyti varanlegur. Tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi eru annars vegar 3,3% og hins vegar 1,3% undir áætlun og eru áætlaðar tekjur ársins því lækkaðar lítillega frá fjárlögum. Þessir skattstofnar hafa haldið áfram að dragast saman á heildina lítið en þróunin er þó misjöfn eftir gjaldflokkum bæði áfengis og tóbaks. Vörugjöld af ökutækjum eru áætluð 2,2 mia.kr., sem er hækkun um 0,3 mia.kr. frá fjárlögum. Tekjur af þessum fyrrum stóra tekjustofni námu aðeins 1,8 mia.kr. á árinu 2010.

**Aðrar rekstrartekjur.** Áætlun fjárlaga um aðrar rekstrartekjur hækkar um 0,3 mia.kr. í heild en breytingar eru meiri í einstökum liðum. Áætlaðar tekjur af arðgreiðslum eru lækkaðar um 1,1 mia.kr., þar af um 0,8 mia.kr. vegna niðurfellingar áætlunar um arðgreiðslur Landsvirkjunar. Vaxtatekjuáætlun ársins er hækkuð um 0,8 mia.kr. Tekjur af veiðigjaldi falla nú undir liðinn *Aðrar rekstrartekjur*, en í fjárlögum voru þær flokkaðar með skatttekjum. Áætlun um tekjur af veiðigjaldi hækkar um 1,2 mia.kr. og er þá tekið mið af breytingu á lögum um fiskveiðistjórnun í júní sl. Hækkun á fjárframlögum um 0,4 mia.kr. er einkum tilkomin vegna áætlaðs framlags úr Foraðildarsjóði ESB (IPA) sem varið er til tiltekinna verkefna á útgjaldahliðinni eins og nánar er greint frá í skýringum um fjárheimildir ráðuneyta í frumvarpinu.

## 2 Gjöld A–hluta

Á gjaldahlið frumvarpsins eru gerðar tillögur um breytingar á fjárheimildum til að mæta ófyrirséðum útgjöldum ríkissjóðs innan ársins. Einnig eru lagðar til breytingar á fjárveitingum á grundvelli endurmats á hagrænum forsendum og kerfisbundnum útgjöldum, svo sem á vaxtagjöldum, atvinnuleysi og bótagreiðslum almannatrygginga. Mestar breytingar fjárheimilda í frumvarpinu eiga rætur að rekja til áhrifa af kjarasamningum sem gerðir hafa verið á árinu og hækkana á bótum almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga sem ákveðnar voru í kjölfarið á því. Meðalhækkun á launaliðum stofnana vegna kjarasamninga er rétt um 5% í frumvarpinu en bótagreiðslur voru hækkaðar um 8,1%. Í frumvarpinu koma einnig fram aukin útgjöld vegna ófyrirséðra útgjalda í tengslum við eldgosíð í Grímsvötnum og hlaupið í Múlakvísl. Í frumvarpinu er almennt ekki um að ræða tillögur um ný verkefni eða aukið umfang. Þetta er í samræmi við takmarkanir á hlutverki fjáraukalaga samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins og stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um að styrkja umgjörð ríkisfjármálanna m.a. með því að í fjáraukalögum verði almennt ekki veitt framlög til nýrra verkefna, aukins umfangs eða rekstrarhalla stofnana umfram setta útgjaldaramma.

## 2.1. Breyttar útgjaldahorfur 2011.

Eins og undanfarin ár er ekki spáð fyrir um gengisþróun í fjárlögum heldur er vanalega miðað við gengisskráningu Seðlabanka Íslands í byrjun september árið á undan fjárlagaári eða gengi gjaldmiðla eins og það stendur við afgreiðslu fjárlaga hafi það tekið breytingum. Verði frávik frá gengisforsendum fjárlaga innan ársins hefur verið framkvæmt sérstakt endurmat á seinni hluta ársins og er fjárlagaliðurinn *09–989 Ófyrirséð útgjöld* notaður til að hækka eða lækka fjárheimildir eftir því sem við á með því að flytja af honum heimildir á aðra liði þegar krónan veikist eða flytja á hann heimildir frá öðrum liðum þegar krónan styrkist. Á þessu ári hefur gengi íslensku krónunnar veikst nokkuð og mun verða framkvæmt endurmat á gengisforsendum vegna þess í lok október. Bráðbirgðatölur gefa til kynna að fjárheimildir þeirra liða sem tengdir eru við gengisforsendur verði þá hækkaðar um tæpan 1,3 mia.kr. Viðeigandi fjárheimildir verða millifærðar í fjárhagsbókhaldi ríkisins í samræmi við hlutverk safnliðarins vegna slíkra ófyrirséðra breytinga á forsendum útgjalda en þær breytingar á fjárheimildum eru ekki hluti af þessu frumvarpi. Helstu liðir sem þetta snertir eru þeir sem eru beinlínis greiddir í erlendri mynt eða verðlagðir miðað við gengi erlendra gjaldmiðla. Þetta á t.d. við um lyfjakostnað, hjálpartæki og brýna meðferð erlendis undir lið sjúkratrygginga og er gert ráð fyrir að fjárveitingar þessara liða hækki um rúmar 700 m.kr. vegna gengisbreytinganna. Þar vegur lyfjakostnaður lang þýngst eða sem svarar til rúmlega 600 m.kr. Auk þess má nefna að áætlað er að fjárveitingar til starfsemi sendiráða og til alþjóðastofnana á vegum utanríkisráðuneytis muni hækka um rúmar 350 m.kr.

Í frumvarpinu er farið fram á að fjárheimildir ríkissjóðs á árinu 2011 verði hækkaðar um 14,2 mia. kr. Þar vegast á tilefni til hækkunar og lækkunar á útgjöldum. Annars vegar er gert ráð fyrir að útgjaldaheimildir hækki um 23,4 mia.kr., að stærstum hluta vegna 13,7 mia.kr. útgjalda í kjölfar kjarasamninga ársins. Þar af nema bætur almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga um 8,3 mia.kr. og laun opinberra starfsmanna um 5,3 mia.kr. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að liðir sem eru fjármagnaðir með mörkuðum ríkistekjum hækki um 1,2 mia.kr. en útgjöld vegna þeirra liða hafa ekki áhrif á afkomu ársins. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir að útgjöld lækki af ýmsum tilefnum um rúma 10,3 mia.kr. Munar þar mest um að endurskoðuð áætlun um vaxtagjöld ársins gerir ráð fyrir 6,3 mia.kr. lækkun þeirra. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir að óskipt fjárheimild á lið vegna ófyrirséðra útgjalda verði nýtt að fullu með því að millifæra launaheimildir að fjárhæð um 3,3 mia.kr. til stofnana og að afgangurinn, 1,7 mia.kr., verði millifærður á liði vegna gengisendurmats og annarra mála. Fjárheimild safnliðarins lækkar því í sama mæli og er því engin nettóbreyting á fjárheimildum í frumvarpinu vegna þeirra mála. Hins vegar er óskað eftir aukinni fjárheimild á þessum lið sem nemur 2,5 mia.kr. til að unnt verði að standa að fullu undir millifærslum á launabótum til stofnana vegna kjarasamninganna. Vakin er athygli á því að í þessu frumvarpi er fjallað um breytingar á fjárheimildum fremur en áætlaða útkomu ársins eins og gert er í kafla um útgjaldahorfur ársins 2011 í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2012. Útgjaldatölur ársins 2011 í frumvörpunum eru því ekki að öllu leyti þær sömu.

Í frumvarpinu hækka greiðsluheimildir talsvert meira en fjárheimildir á rekstrargrunni eða um 16,4 mia.kr. Mismunurinn er um 2,2 mia.kr. og skýrist að mestu af mismun áfallinna og greiddra vaxta.

## 2.2. Útgjaldabreytingar eftir helstu tilefnum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	m.kr
<b>Heildarbreyting frá fjárlögum 2011 .....</b>	<b>14.179</b>
<i>Þar af:</i>	
<b><i>Auknar útgjaldaskuldbindingar:</i></b>	<b>23.380</b>
Hækkun á bótum almanna- og atvinnuleysisstrygginga .....	8.326
Kjarasamningar ríkisstarfsmanna .....	5.366
Fjárheimild fyrir ófyrirséðum útgjöldum ráðstafað að hluta til kjarasamninga ríkisstarfsmanna .....	-3.300
Ellilífeyrir og örorkubætur umfram forsendur fjárlaga .....	4.020
Aðhaldsmarkmið í sérfræðilækningum hafa ekki gengið eftir .....	1.160
Vinumarkaðsaðgerðir, einkum aukið námsframboð og efling starfsmáms .....	945
Lyfjakostnaður umfram forsendur fjárlaga .....	897
Læknismeðferðir erlendis umfram forsendur fjárlaga .....	664
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga .....	555
Greiddar vaxtabætur umfram áætlun fjárlaga .....	500
Átak á vegum ríkisstjórnar til eflingar atvinnu og byggðar á Vestfjörðum .....	400
Átak til þess að jafna árstíðasveiflu í ferðamennsku .....	300
Sanngirnissbætur til fyrrum vistmanna á vistheimilum fyrir börn .....	292
Kostnaður vegna þjóðaratkvæðagreiðslu vegna laga nr. 13/2011 um Icesave málið .....	245
Ýmsar aðrar útgjaldaskuldbindingar .....	3.010
<b><i>Lækkaðar útgjaldaskuldbindingar:</i></b>	<b>-4.040</b>
Minni fjárþörf Fæðingarorlofs sjóðs vegna fækkunar bótaþega .....	-1.200
Ofáætlun barnabóta í forsendum fjárlaga .....	-1.200
Tímabundin lækkun framlags í ljósi góðrar eiginfjárstöðu LÍN. ....	-600
Ýmis önnur mál til lækkunar á útgjöldum .....	-1.040
<b><i>Útgjöld fjármögnuð með mörkuðum ríkistekjum (engin áhrif á afkomu):</i></b>	<b>1.180</b>
Endurvinnslan, skilagjöld á drykkjarvöruumbúðir .....	840
Umboðsmaður skuldara, aukið umfang starfsemi .....	240
Skattheimta til flugmála aflögð, ISAVIA innheimtir sjálft notendagjöld .....	-466
Annað, nettó .....	566
<b><i>Endurskoðuð áætlun um vaxtagjöld ársins</i></b>	<b>-6.341</b>
<b><i>Ráðstöfun fjárheimilda af lið vegna ófyrirséðra útgjalda (millifærslur):</i></b>	<b>0</b>
Gengisendurmat fjárheimilda vegna veikingar krónunnar .....	1.256
Ýmis kostnaður og bætur vegna eldgossins í Grímsvötnum og hlaups í Múlakvísl .....	325
Ýmsar launabætur vegna fyrri kjarabreytinga .....	125
Fært samtals af liðnum 09-989 v. framangreindra mála .....	-1.706

Að stærstum hluta má rekja auknar útgjaldaskuldbindingar til áhrifa af kjarasamningum sem gerðir hafa verið á árinu. Samtals er gert ráð fyrir að hækkun útgjalda í tengslum við samningana verði 13,7 mia.kr. Þar af nemur hækkun á bótum almannatrygginga 6 mia.kr. og hækkun á atvinnuleysisbótum 2,3 mia.kr. Launkostnaður ríkissjóðs hækkar um rúma 5,4 mia.kr. í kjölfar kjarasamninga sem gerðir voru við félög ríkisstarfsmanna með hliðsjón af sambærilegum samningum á almennum vinnumarkaði. Í báðum tilvikum eru innifaldar sérstakar eingreiðslur sem greiddar voru til bótaþega og ríkisstarfsmanna á árinu. Til að mæta hluta af þessum launaútgjöldum vegna kjarasamninganna verður unnt að nýta um 3,3 mia.kr. af óskiptri 5 mia.kr. fjárheimild á sérstökum lið fjárlaga vegna óvissra útgjalda en gert er ráð fyrir að ráðstafa þurfi afgangi hennar til annarra málefna.

Af öðrum liðum sem áætlað er að verði umfram forsendur fjárlaga vegur þungt kerfislægur vöxtur í útgjöldum vegna ellilífeyris og örorkubótum, sem gert er ráð fyrir að verði 4 mia.kr. umfram áætlanir, en það endurmat byggir á rauntölum á fyrri helmingi ársins og áætlunum til áramóta. Þá eru horfur á að sérfræðilækniskostnaður verði um 1,2 mia.kr. hærrí en áformað var í fjárlögum þar sem ekki er útlit fyrir að aðhaldsmarkmið í þeim málaflokki gangi eftir í samningum við rekstraraðila þjónustunnar. Gert er ráð fyrir að framlög vegna vinnumarkaðsaðgerða aukist um nálægt 950 m.kr. einkum vegna ákvörðunar ríkisstjórnarinnar um að auka námsframboð fyrir atvinnuleitendur og efla starfsnám. Horfur eru á að lyfjakostnaður sjúkratrygginga verði tæplega 900 m.kr. hærrí en gert var ráð fyrir í fjárlögum 2011 miðað við spá um útkomu ársins. Þrátt fyrir að ákveðin árangur hefur náðst í að færa lyfjanotkun meira í ódýrari lyf hefur magnaukning lyfjanotkunar vegið upp kostnaðarábatann af þeim árangri. Að óbreyttu er útlit fyrir að lækniskostnaður vegna brýnnar meðferðar erlendis verði rúmlega 660 m.kr. umfram fjárheimildir fjárlaga. Vegna endurskoðaðrar áætlunar um lögboðin framlög af skatttekjum og útsvarsstofni, auk endurmat á kostnaði við húsaleigubótakerfið, er reiknað með að auka þurfi tilfærsluframlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 555 m.kr. Þá má nefna að þegar tekið hefur verið tillit til úthlutana eftir endurálagningu vaxtabóta vegna húsnæðislána í kjölfar álagningar skatta á einstaklinga liggur fyrir að greiðslurnar verða um 500 m.kr. hærrí en áætlað var í fjárlögum. Gert er ráð fyrir að Ofanflóðasjóður nýti afgangsheimildir frá fyrri árum til framkvæmda sem nemi tæpum 450 m.kr. umfram áætlun fjárlaga. Áætlað er að greiðslur sanngirnibóta vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn verði rúmum 420 m.kr. umfram áætlanir í fjárlögum. Þetta stafar fyrst og fremst af því að greiddar verða bætur vegna fleiri heimila en áður var áætlað. Gert er ráð fyrir 400 m.kr. framlagi vegna átaks í eflingu atvinnu og byggðar á Vestfjörðum, auk þess sem 300 m.kr. fara til átaks til að jafna árstíðasveiflu í ferðamennsku. Loks má nefna að þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíðargildi laga nr. 13/2011 um heimild fjármálaráðherra til að staðfesta svokallaðan Icesave samning hafði í för með sér 245 m.kr. viðbótarútgjöld á þessu ári.

Breytingar verða á nokkrum útgjaldaliðum sem fjármagnaðir eru með mörkuðum ríkis-tekjum og hafa því ekki áhrif á afkomuna. Helst er til að nefna að fallið hefur verið frá

áformum um framleiðendaábyrgð á endurvinnslu einnota drykkjarvöruumbúða sem gert var ráð fyrir að tæki gildi á miðju ári og þarf því að hækka fjárheimild á lið Endurvinnslunnar hf. í fjárlögum yfirstandandi árs um 840 m.kr. vegna ráðstöfunar á tekjunum á síðari hluta ársins. Áætlað er að aukið umfang starfsemi Umboðsmanns skuldara frá sem reiknað hafði verið með í fjárlögum hafi í för með sér 240 m.kr. hækkun útgjalda en á móti koma tekjur sem lagðar verða á fjármála fyrirtæki til þessa málaflökks. Þá er gert ráð fyrir að framlag til hlutafélagsins Isavia lækki um 466 m.kr. í samræmi við ný lög um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála, en við breytinguna falla niður tekjur ríkissjóðs af flugvallaskatti og varaflugvallagjaldi. Framlag til félagsins á útgjaldahlíð lækkar í sama mæli þar sem félagið innheimtir í staðinn notendagjöld af flugrekstraraðilum samkvæmt gjaldskrá.

Lækkun útgjalda frá forsendum fjárlaga 2011 eru að stærstum hluta til komin vegna endurskoðaðrar áætlunar um vaxtagjöld ársins sem gert er ráð fyrir lækki um rúma 6,3 mia.kr. Stafar það aðallega af lægri ávöxtunarkröfu í útboðum ríkisverðbréfa heldur en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir auk þess sem óverðtryggðir vextir á útgáfum ríkissjóðs vegna endurfjármögnunar bankanna hafa líka reynst vera lægri. Af öðrum stærri útgjaldahlíðum sem horfur eru á að verði undir áætlunum fjárlaga má nefna að horfur eru á að fjárþörf Fæðingarorlofssjóðs verði 1,2 mia.kr. lægri en reiknað var með í fjárlögum og að við skattálagningu kom í ljós að útgjöld vegna barnabóta höfðu verið ofmetin í fjárlögum sem nemur 1,2 mia.kr. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna verði lækkað um 600 m.kr. á þessu ári þar sem eiginfjárstaða sjóðsins er góð. Þrátt fyrir að framlög til Atvinnuleysisstryggingasjóðs hækki verulega vegna hækkana á bótafjárhæðum í kjölfar kjarasamninga, eins og áður getur, er reiknað með að útgjöld sjóðsins lækki um 270 m.kr. vegna minni atvinnuleysis. Önnur tilefni til lækkunar á útgjaldahlíðinni eru lægri.

Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimildir að fjárhæð 340 m.kr. verði millifærðar af fjárlagaliðnum *09–989 Ófyrirséð útgjöld* til viðbótar við fyrirhugaðar millifærslur af liðnum vegna veikingar íslensku krónunnar, sem áætlað er að nemi um 1,3 mia.kr. eins og áður segir. Þessar millifærslur hafa ekki áhrif á heildarfjárheimildir ársins til lækkunar eða hækkunar. Þar af er gert ráð fyrir að millifærð verði 321,4 m.kr. fjárheimild af þessum lið vegna eldsumbrotanna í Grímsvötnum og hlaupsins í Múlakvísl. Stærstu einstöku liðirnir þar eru 82,5 m.kr. til Vegagerðarinnar, 80 m.kr. til Bjargráðasjóðs og 40 m.kr. til Landgræðslu ríkisins. Af öðrum helstu liðum má nefna 27.8 m.kr. til embættis Ríkislögreglustjóra og 25,3 m.kr. til fjölgunar hjúkrunar- og dvalarrýmum á svæðinu. Tillögur um þessar fjárveitingar eru byggðar á niðurstöðu samráðshóps ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta sem komið var á fót í kjölfar eldsumbrotanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi. Samráðshópurinn hélt áfram stöfum þegar eldsumbrot hófust í Grímsvötnum og er hér lögð fram tillaga hópsins um mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð á meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Þá má nefna að í frumvarpinu er lagt til að millifærð verði af liðnum 23 m.kr. fjárheimild til Þjóð-

garðsins á Þingvöllum vegna nauðsynlegra lagfæringa á jarðraski sem varð í Almanngjá fyrr á árinu.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2011	Heimildir <sup>1</sup> 2011	Breyt. frá fjárlögum	Breyt. frá fjárl. %
<b>Rekstrargjöld</b>	<b>197.202</b>	<b>201.805</b>	<b>4.603</b>	<b>2,3</b>
Laun .....	111.263	115.741	4.478	4,0
Lífeyrisskuldbindingar .....	5.434	5.434	0	0,0
Fjármagnstekjuskattur .....	2.200	2.200	0	0,0
Önnur gjöld .....	112.474	113.809	1.335	1,2
Sértekjur .....	-34.168	-35.378	-1.210	3,5
<b>Fjármagnskostnaður .....</b>	<b>73.654</b>	<b>67.313</b>	<b>-6.341</b>	<b>-8,6</b>
<b>Neyslu- og rekstrartilfærslur</b>	<b>218.007</b>	<b>233.277</b>	<b>15.270</b>	<b>7,0</b>
Lífeyristryggingar .....	47.608	56.424	8.816	18,5
Atvinnuleysistryggingasjóður .....	23.014	25.975	2.961	12,9
Sjúkratryggingar .....	21.792	24.261	2.469	11,3
Vaxtabætur og vaxtaniðurgreiðslur .....	17.700	18.200	500	2,8
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga .....	13.804	14.359	555	4,0
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu .....	10.994	10.994	0	0,0
Afskriftir skattkrafna .....	10.000	10.000	0	0,0
Fæðingarorlofsjóður .....	9.607	8.418	-1.189	-12,4
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð .....	9.427	10.710	1.283	13,6
Barnabætur .....	9.200	8.000	-1.200	-13,0
Lánasjóður íslenskra námsmanna .....	8.236	7.636	-600	-7,3
Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða .....	2.439	2.439	0	0,0
Framlag til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga .....	2.394	2.394	0	0,0
Aðrar neyslu- og rekstrartilfærslur .....	31.793	33.468	1.675	5,3
<b>Viðhald</b>	<b>7.933</b>	<b>7.957</b>	<b>25</b>	<b>0,3</b>
Vegakerfi .....	4.679	4.762	83	1,8
Annað .....	3.254	3.196	-58	-1,8
<b>Stofnkostnaður</b>	<b>9.500</b>	<b>10.104</b>	<b>605</b>	<b>6,4</b>
Vegakerfi .....	5.976	6.326	350	5,9
Háskólar og framhaldskólar .....	954	954	0	0,0
Heilbrigðisstofnanir .....	569	569	0	0,0
Flugvellir .....	229	0	-229	-100,0
Annað .....	1.771	2.255	484	27,3
<b>Fjármagnstilfærslur</b>	<b>3.514</b>	<b>3.532</b>	<b>18</b>	<b>0,5</b>
Hafnarframkvæmdir .....	527	549	22	4,2
Ofanflóðasjóður .....	715	915	200	28,0
Leiguíbúðir .....	236	80	-156	-66,1
Öldrunarstofnanir .....	903	859	-44	-4,9
Annað .....	1.133	1.129	-4	-0,4
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>509.808</b>	<b>523.988</b>	<b>14.179</b>	<b>2,8</b>

<sup>1</sup> Fjárlög að viðbættum fjáráukalögum ársins

### 3 Lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir

Hér er gerð grein fyrir breytingum á lánsfjármálum ríkissjóðs, ríkisfyrirtækja og sjóða, sem fram koma í 3. gr. frumvarpsins.

Í 1. tl. 3. gr. er lagt til að lántökuheimild fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, lækki úr 267 mia.kr. í 266 mia.kr. Reiknað er með að heildarlántökur ríkissjóðs á þessu ári verði 266 mia.kr., þar af 131 mia.kr. í íslenskum krónum en jafngildi 135 mia.kr. í erlendri mynt. Í fjárlögum var áætlað að lántökur yrðu samtals 267 mia.kr., þar af 122 mia.kr. innanlands en 145 mia.kr. erlend lán.

Í 2. tl. 3.gr. eru lagðar til breytingar á endurlánaheimildum ríkissjóðs til samræmis við horfur fyrir árið í ár. Í heildina er lögð til samtals 106,4 mia.kr. hækkun á þessum heimildum og eru breytingarnar af þrennum toga. Í fyrsta lagi er lögð til 4,6 mia.kr. lækkun á heimild vegna Lánsjóðs íslenskra námsmanna þar sem reiknað er með að sjóðurinn muni einungis þurfa 8 mia.kr. að láni í ár en í fjárlögum er 12,6 mia.kr. endurlánaheimild. Í öðru lagi var við afgreiðslu fjárlaga gert ráð fyrir 6 mia.kr. lánaþyrirgreiðslu til hlutafélaga um vegaframkvæmdir á grundvelli laga nr. 97/2010 en nú er reiknað með að þær lánveitingar frestist fram yfir áramót. Í þriðja lagi er sótt um heimild til að veita Seðlabanka Íslands allt að 117 mia.kr. lán. Er þá miðað við að ríkissjóður veiti andvirði 1 milljarðs bandaríkjadollara úr skuldabréfaútbóði sem fram fór í júní sl. í formi láns til bankans. Reiknað er með að bankinn greiði samsvarandi í afborganir af veittum lánum.

Í 3. tl. 3.gr. eru lagðar til breytingar á heimildum til að veita ríkisábyrgð á lántökum aðila sem hafa heimild til lántöku í sérlögum. Breytingarnar eru fjórar og samanlagt er lögð til tæplega 3,4 mia.kr. lækkun frá heimild fjárlaga. Í fyrsta lagi er sótt um 15 mia.kr. hækkun vegna Landsvirkjunar, en fyrirtækið hefur 30 mia.kr. lántökuheimild í fjárlögum. Í ár hefur Landsvirkjun tekist að fjármagna sig betur en á horfðist og útlit er fyrir að skuldabréfaútgáfa til innlendra aðila geti orðið nálægt 30 mia.kr. á árinu. Því til viðbótar verður dregið á lán frá Norræna fjárfestingarbankanum fyrir um 8 mia.kr. Auk þess er reiknað með að til frekari fjármögnunar geti komið gefist tækifæri til að greiða til baka eldri skuldabréf fyrir gjalddaga. Er því farið fram á að lántökuheimild verði augin úr 30 í 45 mia.kr. Þó óvíst sé að hún verði nýtt að fullu á árinu. Verði af aukinni lántöku í ár er þó gert ráð fyrir óbreyttri stöðu þegar kemur að nettó breytingum þar sem augin lántaka mun koma fram í hærri afborgunum eða sjóðsáukningu. Í öðru lagi er lögð til 0,5 mia.kr. lækkun á lántökuheimildum til almennra íbúðalána og í þriðja lagi rúmlega 9,2 mia.kr. lækkun vegna leiguíbúða. Lántökuheimildir Íbúðalánasjóðs í ár verða þá samtals 33,6 mia.kr. Reiknað er með að í ár greiði sjóðurinn 57,9 mia.kr. í afborganir af teknum lánnum og að afborganir verði því 24,3 mia.kr. umfram lántökur. Í fjórða lagi er lögð til 1,9 mia.kr. lækkun á lántökuheimild Bygðastofnunar þannig að hún verði 1,1 mia.kr. Reiknað er með að í ár muni



stofnunin greiða 2,2 mia.kr. í afborganir af teknum lánum og lækkar því skuldastaða hennar um 1,1 mia.kr. að nafnvirði.

Í 4. tl. 3. gr. er lagt til að við bætist nýr töluliður sem verði 5. tl. þar sem sótt er um heimild fyrir fjármálaráðherra til að taka að láni allt að 160 mia.kr. eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána til Seðlabanka Íslands verði þess talin þörf til að efla gjaldeyrisvaraforða bankans. Lánsloforð samstarfsþjóða í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn hafa ekki verið fullnýtt. Þannig hefur þriðjungur af lánsloforðum Póllands verið nýttur og helmingur af lánsloforðum Norðurlandanna. Heimild til að nýta lánsloforðin rennur út um nk. áramót. Nauðsynlegt er að hafa sveigjanleika til þess að draga á lánin ef nauðsynlegt verður talið að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands enn frekar. Rétt er að draga fram að lántaka í þeim tilgangi að styrkja gjaldeyrisforða eykur ekki hreinar skuldir ríkissjóðs þótt heildarskuldir hækki.

Að endingu er vert að vekja athygli á tveimur ákvæðum í 4. gr. frumvarpsins um heimildir fjármálaráðherra til að samþykkja f.h. íslenska ríkisins hækkun stofnfjárloforða í Þróunarbanka Evrópuráðsins (CEB) og Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu (EBRD). Stofnfé Þróunarbanka Evrópuráðsins hækkar um 2,2 milljarða evra og nemur hlutur Íslands í aukningunni rúmlega 4 milljónum evra, eða sem svarar til u.þ.b. 670 m.kr. Ákveðið hefur verið að hluti stofnfjárukningarinnar verði fjármagnaður úr varasjóðum bankans en að öðru leyti er um að ræða stofnfjárloforð. Stofnfé Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu hækkar um 9 milljarða evra og hlutur Íslands í aukningunni nemur 9 milljónum evra, eða sem svarar til u.þ.b. 1.485 m.kr. Öll stofnfjárukningin verður fjármögnuð úr varasjóðum bankans. Í hvorugu tilvikinu er gert ráð fyrir að aðildarríkin leggi fram nýtt fé.

## 4 Sjóðstreymi ríkissjóðs

Hér er gerð nánari grein fyrir breytingum á sjóðstreymi ríkissjóðs. Vísað er til 2. gr. frumvarpsins.

Endurskoðuð áætlun um sjóðstreymi ríkissjóðs miðað við niðurstöður frumvarpsins felur í sér töluverðar breytingar frá fjárlögum 2011. Áætlað er að greidd gjöld aukist um 16,4 mia.kr., innheimtar tekjur aukist um 10,1 mia.kr. og að handbært fé frá rekstri lækki um 6,3 mia.kr. og verði í heildina neikvætt um 51,9 mia.kr. Á móti kemur að nú er reiknað með 5,9 mia.kr. nettó innstreymi fjár í fjármunahreyfingum samanborið við áætlun um 11,8 mia.kr. útstreymi í fjárlögum. Útlit er því fyrir að í ár verði hreinn lánsfjárjöfnuður neikvæður um rétt tæpa 46 mia.kr. sem er 11,4 mia.kr. betri staða en áætlað var við afgreiðslu fjárlaga þegar reiknað var með að hreinn lánsfjárjöfnuður ársins yrði neikvæður um 57,4 mia.kr.



Í milljónum króna	Fjárlög 2011	Heimildir 2011	Breyting frá fjárlögum
<b>Handbært fé frá rekstri .....</b>	<b>-45.593</b>	<b>-51.873</b>	<b>-6.280</b>
Fjármunahreyfingar:			
Veitt lán til Seðlabanka Íslands .....	0	-117.000	-117.000
Veitt önnur löng lán .....	-18.600	-8.000	10.600
Afborganir veittra lána .....	8.600	133.000	124.400
Eiginfjárframlög og hlutabréfakaup .....	-2.000	-2.300	-300
Sala hlutabréfa og eignarhluta .....	200	200	0
<b>Fjármunahreyfingar samtals .....</b>	<b>-11.800</b>	<b>5.900</b>	<b>17.700</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður .....</b>	<b>-57.393</b>	<b>-45.973</b>	<b>11.420</b>
Fjármögnun:			
Lántaka til að styrkja gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands .....	0	117.000	117.000
Önnur löng lán .....	267.000	149.000	-118.000
Afborganir af teknum lánum .....	-235.000	-195.000	40.000
<b>Fjármögnun samtals .....</b>	<b>32.000</b>	<b>71.000</b>	<b>39.000</b>
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>	<b>-25.393</b>	<b>25.027</b>	<b>50.420</b>

Betri staða hreins lánsfjárfjöfnuðar rekur sig að mestu til 18 mia.kr. aukningar í innheimtum afborgunum umfram aukningu veittra lána á móti 6,3 mia.kr. lækkun handbærs fjár frá rekstri. Í fyrsta lagi var við afgreiðslu fjárlaga áformuð erlend lántaka til að endurfjármagna eldri gjaldeyrisforðalán sem ríkissjóður tók og veitti áfram til Seðlabanka Íslands og að þeim lánum til bankans yrði framlengt. Nú er reiknað með að í ár muni lánveitingar ríkissjóðs til Seðlabankans jafngilda 117 mia.kr. og að bankinn greiði ríkissjóði samsvarandi í afborganir af veittum lánum. Er þá miðað við að ríkissjóður veiti andvirði 1 milljarðs bandaríkjadalda skuldabréfaútboðs sem fram fór í júní sl. áfram í formi láns til Seðlabankans og að bankinn greiði eftirstöðvar af gjaldeyrislánum sem ríkissjóður tók á árunum 2006 og 2008 samtals að fjárhæð 1,3 milljarðar evra og veitti áfram í formi láns til bankans. Ríkissjóður hefur keypt upp hluta þessara lána bæði í ár og í fyrra en lokagreiðsla þeirra er 1. desember 2011. Í öðru lagi hefur ríkissjóður fengið greiddar jafngildi tæplega 7 mia.kr. eftirstöðvar af svokölluðu Avens–samkomulagi sem gert var við lífeyrissjóðina á árinu 2010. Í þriðja lagi var við afgreiðslu fjárlaga gert ráð fyrir 6 mia.kr. lánaþyrirgreiðslu til hlutafélaga um vegaframkvæmdir á grundvelli laga nr. 97/2010. Nú er reiknað með að þær lánveitingar frestist fram yfir áramót. Í fjórða lagi lítur út fyrir að í ár verði lánveiting til Lánasjóðs íslenskra námsmanna 8 mia.kr. sem er 4,6 mia.kr. minni lánveiting en áætluð var við afgreiðslu fjárlaga. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir 400 m.kr. betri innheimtu afborgana af öðrum lánum.

Reiknað er með að í ár muni ríkissjóður greiða alls 2,3 mia.kr. í ný eiginfjárframlög en það eru 300 m.kr. umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlögum. Meðtalið er þá 1 mia.kr. eiginfjárframlag til Byggðastofnunar sem heimild er fyrir í fjárlögum að fenginni úttekt

iðnaðarráðuneytis á framtíðarfyrirkomulagi lánastarfsemi stofnunarinnar en það framlag hefur þó ekki verið innt af hendi á þessu stigi. Byggðastofnun starfar nú á undanþágu frá Fjármálaeftirlitinu þar sem stofnunin uppfyllir ekki skilyrði um 8% eiginfjárlutfall. Varlega metið er talið að auka þurfi eigið fé stofnunarinnar um 3,5 mia.kr. til að ná því marki. Málefni Byggðastofnunar eru til skoðunar en ekki hefur verið tekin endanleg afstaða til þess hvort ríkissjóður leggi stofnuninni til aukið eigið fé. Verði niðurstaðan að auka eigið fé stofnunarinnar umfram heimild fjárlaga mun þurfa að sækja um heimild til þess fyrir lokaafgreiðslu frumvarpsins. Á árinu var hlutfé ríkissjóðs í Farice ehf. aukið um 4 milljónir evra, jafngildi 656 m.kr., í samræmi við samkomulag við lánardrottna og með-eigendur um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins. Sótt er um heimild til þessa framlags í frumvarpinu.

Gert er ráð fyrir að 46 mia.kr. neikvæðum lánsfjárfjöfnuði verði mætt með lántökum en einnig með minni uppkauptum skulda en áætlað var. Lántökur ríkissjóðs eru áætlaðar 266 mia.kr. sem er 1 mia.kr. minni lántaka en áætlað er í fjárlögum. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður muni greiða 195 mia.kr. í afborganir af teknum lánnum. Það eru 40 mia.kr. minni afborganir en áætlað er í fjárlögum en þar var gert ráð fyrir svigrúmi til niðurgreiðslu skulda. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs á þessu ári er því áætluð 71 mia.kr., eða 39 mia.kr. umfram það sem reiknað var með við afgreiðslu fjárlaga. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að handbært fé ríkissjóðs aukist um 25 mia.kr. á árinu og að staða hans hjá Seðlabanka Íslands batni sem því nemur.

## 5 Heimildir

Sótt er um sjö heimildir í 4. gr. frumvarpsins. Heimildirnar skiptast þannig að tvær eru til sölu á fasteign eða eignarhluta í fasteign, ein er til kaupa á fasteign og fjórar sem falla undir ýmsar heimildir.

Heimild 3.14 er til sölu á fasteign við Hrauntungu við Álftanesveg og til að ráðstafa andvirðinu í samræmi við ákvæði erfðaskrár. Í umræddri erfðaskrá er gert ráð fyrir að nokkrar aðilar, þ.á.m. Landgræðsla ríkisins og Þjóðminjasafnið hljóti fasteignina í arf.

Heimild 3.15 er til sölu Atvinnuleysistryggingasjóðs á eignarhlut sínum í Engjateigi 11, Reykjavík en starfsemi Vinnumálastofnunar sem var þar til húsa hefur nú verið flutt í annað hentugra húsnæði.

Heimild 6.18 er til að kaupa land og jarðhitaréttindi í landi Kalmannstjarnar og Junkaragerðis á Reykjanesi af Reykjanesbæ. Jarðhitavirkjun HS–Orku hf. á Reykjanesi sækir um helming af orki virkjunarinnar til framangreindra jarðhitaréttinda en hinn helmingurinn kemur úr landi Staðar á Reykjanesi sem er í eigu íslenska ríkisins.

Heimild 7.18 er til komin vegna uppgjörs og greiðslu til Landsbankans vegna mismunar á eignum og innistæðuskuldbindingum Spkef sparisjóðs á grundvelli endanlegs

eignamats í tengslum við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins (FME) frá 5. mars 2011, um samruna Spkef sparisjóðs og Landsbankans hf., sbr. samning um yfirtökuna milli íslenska ríkisins og Landsbankans hf. frá sama degi.

Forsaga málsins er sú að hinn 22. apríl 2010 tók FME yfir vald stofnfjáreigendafundar Sparisjóðsins í Keflavík á grundvelli heimildar í ákvæði VI til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. ákvæði IV til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009. FME vék í framhaldinu stjórn sparisjóðsins frá í heild sinni og skipaði bráðabirgðastjórn. Jafnframt tók FME ákvörðun um að ráðstafa öllum eignum Sparisjóðsins í Keflavík til nýs sparisjóðs og kvað á um yfirtöku hans á nánar tilgreindum innstæðum og eignum. Spkef sparisjóður var í framhaldinu stofnaður af hálfu ríkisins með heimild í 1. gr. laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármála-markaði o.fl. (neyðarlögin).

Frá því að FME yfirtók rekstur Sparisjóðsins í Keflavík og færði innstæður og eignir í Spkef sparisjóð var unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu sparisjóðsins. Tók sú vinna lengri tíma en búist var við vegna tafa við gerð stofnefnahagsreiknings og óvissu um eignamat. Samkvæmt mati stjórnenda Spkef frá febrúar 2011 var staða hans þannig að eigið fé var neikvætt um 11,2 milljarða kr. en 19,4 milljarða vantaði í heild til að uppfylla kröfur FME um lágmarks eigið fé, ætti að reka sjóðinn áfram sem sjálfstæðan sparisjóð.

Hinn 3. mars 2011 kynnti sérstakur starfshópur um málefni sparisjóðsins þá niðurstöðu sína að með hliðsjón af kostnaði væri rétt að leita leiða til að sameina Spkef sparisjóð og NBI hf. (nú Landsbankann hf. frá 28. apríl 2011) í stað þess að endurfjármagna hann með sjálfstæðum hætti. Starfshópurinn, sem skipaður var að tilhlutan stjórnvalda, starfaði undir forystu Bankasýslu ríkisins. Niðurstæða hans var að með sameiningu við Landsbankann hf. yrði endanleg framlög úr ríkissjóði mun lægri auk þess sem rekstrarlegar forsendur fyrir starfsemi sparisjóðsins styrktust.

Á grundvelli tillagna starfshópsins og til að tryggja hagsmuni innstæðueigenda, hófust viðræður við Landsbankann hf. um yfirtöku og samruna við Spkef sparisjóð til að bregðast við vanda hans. Viðræðurnar leiddu til þess að hinn 5. mars 2011 tók FME formlega stjórnvaldsákvörðun vegna stöðu Spkef sparisjóðs sem fól í sér samruna Spkef og Landsbankans hf. Sama dag var ritað undir samning milli íslenska ríkisins og Landsbankans hf. um yfirtöku bankans á sparisjóðnum.

Í samræmi við yfirlýsingu stjórnvalda frá haustinu 2008, sem síðan hefur verið ítrekuð af núverandi ríkisstjórn, er ljóst að allar innstæður í íslenskum bönkum og sparisjóðum eru tryggðar. Skuldir Spkef sparisjóðs fela einungis í sér tryggðar innstæður þannig að ákvörðunin sem liggur til grundvallar frumvarpi þessu byggist því á umræddri yfirlýsingu stjórnvalda.

Samkvæmt samningi ríkisins og Landsbankans hf. hefur bankinn unnið að verðmati og áreiðanleikakönnun á eignum og skuldum sparisjóðsins. Í samningnum er gert ráð fyrir því að aðilar samnings geti gert athugasemdir við eignamatið og lagt fram rökstuddar tillögur

að breytingum. Nú standa yfir viðræður milli ríkisins og Landsbankans um eignamatið. Verði ágreiningur milli aðila sem ekki tekst að leysa er gert ráð fyrir að honum megi vísa til sérstakrar úrskurðarnefndar. Er niðurstaða úrskurðarnefndarinnar bindandi fyrir báða aðila um fjárhagslegt uppgjör samkvæmt samningnum.

Nokkur óvissa er um tímasetningu varðandi endanlegt uppgjör skulda og eigna sparisjóðsins og má gera ráð fyrir að einhver bið geti orðið á niðurstöðu, verði uppi ágreiningur milli aðila sem ekki verður leystur nema fyrir tilstuðlan úrskurðarnefndarinnar. Gera má þó ráð fyrir því að endanleg niðurstaða liggi fyrir í haust eða í byrjun vetrar.

Ekki liggur fyrir hver munur milli eigna og skulda reynist vera þegar upp verður staðið en með þeirri málsmeðferð sem samningurinn kveður á um er leitast við að tryggja að sú niðurstaða feli í sér faglegt og hlutlaust mat á eignum og skuldum. Ljóst er þó að með yfirtöku Landsbankans á Spkef mun ríkissjóður ekki þurfa að leggja fram u.þ.b. 8 milljarða eiginfjárframlag sem nauðsynlegt væri, óháð mismun eigna og skulda, til að hann uppfylli kröfur FME um lágmarkseiginfjárlutfall hefði sparisjóðurinn ekki verið yfirtekinn.

Heimild 7.18 felur í sér að ríkissjóður, á grundvelli ákvörðunar FME og sammings ríkisins við Landsbankann hf., sé heimilt að ganga frá uppgjóri og greiðslu til Landsbankans vegna mismunar á eignum og innistæðuskuldbindingum eftir að endanleg niðurstaða um verðmæti eigna liggur fyrir.

Heimild 7.19 er til að selja eignarhlut ríkisins í Byr hf. enda samþykki Samkeppnis- eftirlitið einnig umrædda sölu. Með ákvörðun hinn 22. apríl 2010 tók FME yfir vald stofnfjáreigendafundar í Byr sparisjóði, vék stjórninni frá og skipaði bráðabirgðastjórn. Stofnaður var nýr banki, Byr hf. með 900 m.kr. eiginfjárframlagi úr ríkissjóði og voru allar innstæður og eignir gamla sparisjóðsins fluttar yfir í hinn nýja banka. Í samræmi við ákvörðun FME skyldi fara fram uppgjör milli gömlu og nýju fjármálastofnananna og að því loknu yrði bankanum lagt til eigið fé sem dygði til að uppfylla skilyrði FME um starfsleyfi. Samkomulag náðist um það milli ríkisins, Byrs hf. og slitastjórnar Byrs sparisjóðs að slita- stjórn breytti kröfu sinni á hendur Byr hf. í hlutafé en á móti lofaði ríkið að veita Byr hf. víkjandi lán.

Á vormánuðum 2011 lá fyrir að áætlanir um fjárhagslega skipan Byrs hf. samkvæmt ofangreindu samkomulaginu dygðu ekki og að hvorki ríkið né kröfuhafar Byrs sparisjóðs voru tilbúnir að leggja fram frekari fjármuni. Í ljósi stöðunnar ákvað stjórn Byrs hf. að reyna að tryggja fjárhag bankans með því að bjóða til sölu nýtt hlutafé í bankanum.

Í skipulögðu og opinberu söluferli sl. sumar var áhugasömum fjárfestum boðið að kaupa nýtt hlutafé fyrir allt að 10 milljarða kr. og eignast með því meirihluta hlutafjár í bankanum. Jafnframt lýstu bæði ríkið og slitastjórn Byrs sparisjóðs því yfir að hlutir þeirra væru til sölu ef bjóðendur kysu að eignast allan bankann. Tveir aðilar skiluðu inn tilboðum og gerðu báðir kröfu um að kaupa allt hlutafé bankans og að Byr hf. yrði sameinaður við þá. Einnig gerðu báðir bjóðendur kröfu til þess að víkjandi lán það sem samið var um í rammasamkomulaginu stæði þeim til boða. Niðurstaða mats á framkomnum tilboðum var

að gengið var til samninga við Íslandsbanka. Samningurinn er með fyrirvara um samþykki FME og Samkeppniseftirlitsins um yfirtöku Íslandsbanka á Byr hf. og sameiningu. Þá er undirskrift fjármálaráðuneytis um sölu á 12% hlut sínum í bankanum með fyrirvara um samþykki Alþingis. FME hefur þegar heimilað að gengið verði til samninga við Íslandsbanka um sölu á Byr hf. en afstaða Samkeppniseftirlitsins liggur enn ekki fyrir.

Heimild 7.20 er til komin vegna ákvörðunar eigenda Endurreisnar og þróunarbankans (EBRD) að auka stofnfé aðildarríkjanna Um er að ræða aukningu á heildarstofnfé bankans um allt að 9 milljarða evra en hlutur íslenska ríkisins í aukningunni nemur um 9 milljónum evra. Ekki er gert ráð fyrir að aðildarríkin leggi fram nýtt fjármagn heldur að óráðstafaða eigið fé bankans verði greitt úr varasjóði hans sem innborgað stofnfé.

Heimild 7.21 er til komin vegna ákvörðunar Þróunarbanka Evrópuráðsins (CEB) að auka stofnfé aðildarríkjanna Um er að ræða aukningu á heildarstofnfé bankans um allt að 2,2 milljarða evra en hlutur íslenska ríkisins í aukningunni nemur um 4,06 milljónum evra. Ekki er gert ráð fyrir að aðildarríkin leggi fram nýtt fjármagn heldur að hluti aukningarinnar verði í formi aukningar á stofnfjárlofordum og hluti í formi innborgaðs stofnfjár úr varasjóði bankans.

Athugasemdir við einstaka fjárlagaliði.

## 00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði lækkuð um 2,2 m.kr.

### 295 Saksóknari Alþingis.

*1.01 Saksóknari Alþingis.* Farið er fram á 11,3 m.kr. viðbótarframlag vegna hærri kostnaðar við störf saksóknara Alþingis og málarekstur fyrir landsdómi en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Tillagan byggist á áætlun um laun og annan kostnað embættisins á yfirstandandi ári að frádregnu 24,4 m.kr. framlagi sem veitt var í fjárlögum en það var miðað við að málarekstur stæði fram á mitt ár.

### 301 Ríkisstjórn.

*1.01 Ríkisstjórn.* Lögð er til 30 m.kr. lækkun fjárveitingar. Með sameiningu og fækkun ráðuneyta um síðastliðin áramót samkvæmt breytingum á lögum um Stjórnarráð Íslands var ráðherrum fækkað úr tólf í tíu og aðstoðarmönnum ráðherra fækkaði einnig um tvo. Gert er ráð fyrir að vegna þessa verði útgjöld liðarins í ár 30 m.kr. lægri en áætlað var við afgreiðslu fjárlaga.

### 401 Hæstiréttur.

*1.01 Hæstiréttur.* Óskað er eftir 16,5 m.kr. fjárheimild vegna úrskurðar kjararáðs um launakjör dómara vegna sérstaks álags frá og með 1. febrúar 2011. Samkvæmt úrskurðinum eru launakjör dómara hækkuð með því að fjölga greiddum einingum um 20 og kemur fjölgun greiddra eininga til viðbótar einingum sem eru greiddar samkvæmt úrskurði kjararáðs frá 2009. Hver eining er ígildi 5.058 kr. Álagsgreiðslurnar eru tímabundnar til 31. janúar 2013 og hækka laun hæstaréttardómara því um rúmar 101 þús. kr. á mánuði á tímabilinu og verða rúmar 998 þús. kr. á mánuði. Laun forseta Hæstaréttar hækka samsvarandi og verða rúmar 1.087 þús. kr. á mánuði. Fjárveiting vegna þessarar hækkunar á launum hæstaréttardómara er til viðbótar auknum fjárveitingum sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í fjárlögum, bæði hjá Hæstarétti og héraðsdómstólum, til að fjölga dómurum og aðstoðarmönnum vegna aukins álags.

## 01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 109 m.kr.

### 101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.

*1.01 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa.* Lagt er til að 1,5 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá skrifstofunni til *09–980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga* vegna flutnings umsýslu bifreiðamála Stjórnarráðsins, sjá nánar í skýringum um þann lið á bls. 101.

### 190 Ýmis verkefni.

*1.90 Ýmis verkefni.* Sótt er um 7,5 m.kr. framlag þar sem umsýsla með þjóðlendum færðist frá sýslumanni Snæfellinga til forsætisráðuneytis fyrr á þessu ári. Gert er ráð fyrir að fjárveiting til sýslumannsembættisins lækki um sömu fjárhæð. Forsætisráðuneytið fer með umsjón þjóðlendna skv. lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur. Ráðuneytið gerði á sínum tíma þjónustusamning við embætti sýslumanns Snæfellinga um að annast skráningu þjóðlendna og daglega umsýslu með þeim, s.s. í tengslum við leyfisveitingar, og fékk embættið nýtt 10 m.kr. framlag í fjárlögum 2009 til að standa undir þeim útgjöldum. Í upphafi þessa árs var ákveðið að framlengja ekki samninginn þar sem þetta fyrirkomulag á umsýslunni þótti ekki vera hið heppilegasta, m.a. vegna þess að um ákveðinn tvíverknað væri að ræða.

### 203 Fasteignir Stjórnarráðsins.

*6.25 Endurbætur bygginga Stjórnarráðsins.* Farið er fram á 80 m.kr. fjárveitingu til að mæta kostnaði við húsnæðismál. Við stofnun innanríkisráðuneytis og velferðarráðuneytis varð nokkur tilflutningur á aðalskrifstofum ráðuneyta. Innanríkisráðuneytið hóf starfsemi á Sölvhólgötu 7 sem hýst hafði efnahags- og viðskiptaráðuneyti og Fjársýslu ríkisins. Velferðarráðuneytið hóf starfsemi í Hafnarhúsinu þar sem áður voru skrifstofur félags- og tryggingamálaráðuneytis, samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytis og Vinnumálastofnunar. Samhliða þessum breytingum flutti efnahags- og viðskiptaráðuneytið í húsnæðið sem hýst hafði dómsmála- og mannréttindaráðuneyti í Skuggasundi 3 og Fjársýsla ríkisins flutti í fyrrum húsnæði heilbrigðisráðuneytis í Vegmúla 3. Einnig fluttu nefndir sem haft höfðu aðstöðu í Vegmúla niður í Hafnarhús. Áætlaður heildarkostnaður við flutninga og breytingar á húsnæði er á bilinu 215 – 225 m.kr. Gert er ráð fyrir að það sem uppá vantar verði fjármagnað með uppsöfnuðum afgangsheimildum Fasteigna Stjórnarráðsins sem námu tæpum 150 m.kr. í árslok 2010. Framkvæmdaþættir, verkstjórn og áætlanagerð við þessar breytingar voru í höndum Framkvæmdasýslu ríkisins sem vann að málinu með viðkomandi ráðuneytum frá upphafi og annaðist

útboð og tilboðsgerð einstakra verkþátta. Við flutningana var horft til þess að nýta sem mest húsnæði í eigu ríkisins eða í langtímaleigu og staðsetja ráðuneytin á svonefndum Stjórnarráðsreit vegna hagkvæmni sem í því felst.

Í töflunni hér að neðan eru sýndar breytingar á fjárheimildum í tengslum við húsnæðismál Stjórnarráðsins.

	m.kr.
<b>Breytingar á fjárheimildum vegna húsnæðismála Stjórnarráðsins.</b>	
12-101-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti .....	8,2
06-101-101 Innanríkisráðuneyti .....	-16,5
08-101-101 Velferðarráðuneyti .....	-19,7
09-103-101 Fjársýsla ríkisins .....	29,9
08-399-116 Lyfjagreiðslunefnd .....	-0,6
08-399-117 Vísindasiðanefnd .....	-0,5
08-199-110 Úrskurðanefnd almennatrygginga .....	-0,8
<b>Samtals .....</b>	<b>0,0</b>
09-103-101 Fjársýsla ríkisins, ný fjárveiting .....	15,8

## 902 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum.

6.01 *Nýframkvæmdir.* Óskað er eftir að 23 m.kr. fjárheimild verði millifærð til Þjóðgarðsins á Þingvöllum af fjárlagalið 09–989 *Ófyrirséð útgjöld.* Vegna nýlegs jarðrasks í Almannagjá er nauðsynlegt að gera lagfæringar á veginum í gjánni til að tryggja öryggi og greiða fyrir umferð um svæðið.

## 02 Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild mennta- og menningarmálaráðuneytis verði aukin um 767,8 m.kr.

## 101 Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 *Mennta- og menningarmálaráðuneyti, aðalskrifstofa.* Lagt er til að liðurinn hækki samtals um 7,4 m.kr. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 8,5 m.kr. framlag til aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna stefnumótunar um kvikmyndanáám. Í öðru lagi er lagt til að 1,1 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá skrifstofunni til 09–980 *Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga* vegna flutnings umsýslu bifreiðamála Stjórnarráðsins, sjá nánar í skýringum um þann lið á bls. 101.



## 201 Háskóli Íslands.

*1.01 Háskóli Íslands.* Lagt er til að veitt verði 150 m.kr. framlag til stofnunar aldarafmælisjóðs Háskóla Íslands í tilefni af 100 ára afmæli skólans. Tillaga þess efnis var lögð fram af forsætisráðherra á sérstökum afmælisfundi í tilefni af 200 ára fæðingarafmæli Jóns Sigurðssonar og samþykkt af Alþingi. Sérstakur starfshópur skipaður fulltrúum frá Alþingi, forsætisráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu, mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Háskóla Íslands hefur verið settur á fót og mun hann meta og gera tillögur um framlög í aldarafmælisjóðinn á árunum 2012–2020. Markmið sjóðsins er að efla rannsóknir og nýsköpun sem nýtast muni til uppbyggingar atvinnulífs og verðmætasköpunar í þágu íslensks samfélags og þjóðar. Við mat á árlegu framlagi í sjóðinn verður haft til hliðsjónar hvernig miðar í sókn Háskóla Íslands að markmiðum eins og þau eru sett fram í stefnu skólans og áætlun um jöfnuð í ríkisfjármálum á framangreindu tímabili.

## 203 Raunvísindastofnun Háskólans.

*1.01 Raunvísindastofnun Háskólans.* Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 9,7 m.kr. vegna eldsumbrotanna í Grímsvötnum og hlaupsins í Múlakvísl. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum 09–989 Ófyrirséð útgjöld hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið. Sjá nánar á bls. 101.

## 227 Háskólinn í Reykjavík.

*1.01 Háskólinn í Reykjavík.* Farið er fram á 150 m.kr. aukafjárveitingu til rekstrar Háskólans í Reykjavík í samræmi við tillögu mennta- og menningarmálaráðherra til ríkisstjórnarinnar. Húsnæðiskostnaður skólans jókst verulega eftir að hann flutt í nýtt og rúmbetra húsnæði á síðasta ári. Byggð hefur verið upp góð aðstaða til kennslu og rannsókna í tæknigreinum í samræmi við áherslur á slíkt nám og áætlun um fjölgun nemenda á næstu árum. Á sama tíma drógust tekjur hans saman meðal annars frá ríkinu þar sem nemendafjöldi hefur ekki verið sá sem vænst var. Fjárhæðin samsvarar framlagi fyrir nálægt 160 ársnemendum sem miðað er við að skólinn skili á næstu árum með því að nemendur verði tímabundið umfram forsendur framlaga.

## 299 Háskóla- og rannsóknarstarfsemi.

*1.33 Fræða- og þekkingarsetur.* Sótt er um 6 m.kr. framlag til að efla samstarf háskóla, þekkingar- og fræðasetra á Vestfjörðum. Um er að ræða tveggja ára þróunar- og uppbyggingarverkefni í menntun og rannsóknum. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2012 er sótt um jafn hátt framlag. Stefnt er að því að efla mannauð, samþætta og styrkja grunnstoðir og vinna að nýsköpun. Í því samhengi er mikilvægt að efla starfið með auknu samstarfi við viðurkennda háskóla. Á Vestfjörðum eru starfandi 24 setur er tengjast menntun, menningu og nýsköpun. Gert er ráð fyrir að stofnað verði til klasa-

samstarfs með þessum aðilum til að auka skilvirkni og árangur þessa þekkingar- og nýsköpunarstarfs. Til að sinna framangreindum þáttum verða ráðnir tveir verkefnisstjórar til að vinna með Háskólasetri Vestfjarða og Fræðasetri HÍ í Bolungarvík, Fræðslumiðstöð Vestfjarða og öðrum aðilum grunnmennta- og upplýsingastöða. Verkefnahópur mun verða skipaður til að stýra verkefninu sem vinnur með verkefnastjórunum. Tillagan er hluti af aðgerðum sem ríkisstjórnin samþykkti þann 5. apríl 2011 til að efla atvinnu og byggð á Vestfjörðum.

*1.90 Háskólastarfsemi.* Lagt er til að veitt verði 10 m.kr. framlag til að greiða mótframlag til stofnana sem taka þátt í verkefnum sem hljóta styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna. Tillagan er hluti af þeim úrræðum sem lögð voru til í minnisblaði velferðarráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra um sumarstörf fyrir námsmenn og samþykkt var í ríkisstjórn 8. febrúar 2011.

### **319 Framhaldsskólar, almennt.**

*1.31 Keilir, frumgreinanám og annað nám á framhaldsskólastigi.* Farið er fram á 50 m.kr. aukafjárveitingu til Keilis ehf. Ríkisstjórnin samþykkti 27. apríl sl. tillögu mennta- og menningarmálaráðherra um að auka fjárframlög til Keilis um 50 m.kr. frá og með árinu í ár. Aukin fjárframlög til Keilis eru þó háð því að félagið uppfylli sömu skilmála og reglur og aðrir skólar. Sambærileg tillaga er í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2012.

*1.38 Menntun á sviði kvikmyndagerðar.* Óskað er eftir 30 m.kr. aukafjárveitingu vegna samnings við Kvikmyndaskóla Íslands. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gert samning um rekstrarstyrk við skólann og gildir hann til 31. júlí 2012 með möguleika á framlengingu til 31. desember 2012. Rekstur skólans hefur verið erfiður og skuldir hans háar án þess að hann eigi eignir á móti. Samningurinn gerir ráð fyrir að rekstur skólans verði styrktur með allt að 46,2 milljóna króna framlagi úr ríkissjóði til ársloka 2011 og með allt að 56,4 milljóna framlagi árið 2012. Samningurinn er með fyrirvara um að fjárhagsleg endurskipulagning á rekstri skólans gangi eftir þannig að hann uppfylli skilyrði fyrir viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi fyrir 15. nóvember næstkomandi. Áætlað er að um u.þ.b. 100 nemendur geti lokið því námi sem þeir hófu en samningurinn útilokar ekki að skólinn taki inn nýnema en geri hann það er ætlast til að þeim sé kynnt skriflega að óvíst er hvort þeir geti lokið náminu við Kvikmyndaskólann. Gert er ráð fyrir heimild til að framlengja samninginn til ársloka 2012 og er miðað við að taka ákvörðun um það fyrir maílok 2012 enda liggi þá fyrir niðurstaða vinnu við stefnumótun um kvikmyndanáms sem hófst fyrir nokkrum vikum.

### **320 Nám á framhaldsstigi vegna aðstæðna á vinnumarkaði.**

*1.01 Nám á framhaldsstigi vegna aðstæðna á vinnumarkaði.* Óskað er eftir 220 m.kr. framlagi til að tryggja námspláss í framhaldsskólum landsins frá og með skólaárinu

2011–2012 fyrir alla umsækjendur undir 25 ára aldri sem uppfylla viðeigandi skilyrði. Áætlaður kostnaður miðast við að um 600 nemendur hefji nám í haust. Miðað er við að þar af verði um 400 ársnemar í almennu námi og að framlög til skóla verði 800 þús.kr. fyrir hvern þeirra en að um 250 nemar fari í iðnnám og að framlög til skóla verði 1.000 þús. kr. fyrir hvern þeirra. Gerð er tillaga um 440 m.kr. fjárveitingu í frumvarpi til fjárlaga 2012 vegna þessa verkefnis miðað við heilt skólaár. Tillagan er hluti af átaki á sviði vinnumarkaðsaðgerða og eflingu menntunar í samræmi við tillögur samráðshóps um vinnumarkaðsmál sem ríkisstjórnin samþykkti 19. apríl 2011.

#### **451 Framhaldsfræðsla.**

*1.11 Framhaldsfræðsla, almennt.* Óskað er eftir 60 m.kr. framlagi vegna átaks til þriggja ára til að auka framboð á raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar. Gerð er tillaga um 60 m.kr. fjárveitingu í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2012 vegna þessa verkefnis og er gert ráð fyrir að framlagið haldist óbreytt árið 2013, lækki í 30 m.kr. árið 2014 en falli síðan niður árið 2015. Tillagan er hluti af átaki á sviði vinnumarkaðsaðgerða og eflingu menntunar í samræmi við tillögur samráðshóps um vinnumarkaðsmál sem ríkisstjórnin samþykkti 19. apríl 2011.

#### **516 Iðnskólinn í Hafnarfirði.**

*1.01 Iðnskólinn í Hafnarfirði.* Óskað er eftir að veitt verði 50,5 m.kr. aukafjárveiting til stofnunarinnar vegna greiðslu á dráttarvöxtum sem eru tilkomnir vegna launaleiðréttingar í kjölfar dóms Félagsdóms í máli nr. 4/2009 frá 12. maí 2009. Samkvæmt dómnum er viðurkennt að félagsmenn Félags framhaldsskólakennara, sem störfuðu við skólann á tímabilinu frá upphafi skólaárs 2004 til loka vorannar 2008, hafi uppfyllt kennsluskyldu sína samkvæmt kjarasamningi að fullu þrátt fyrir breytt vinnufyrirkomulag með styttri kennsluskyldu og að óheimilt hafi verið að skerða launagreiðslur til þeirra vegna þessa fyrirkomulags í skólastarfinu. Launin voru því leiðrétt með dráttarvöxtum í samræmi við dómaframkvæmd í sambærilegum málum.

#### **565 Tónlistarnám á vegum sveitarfélaga.**

*1.10 Tónlistarnám á vegum sveitarfélaga.* Óskað er eftir 240 m.kr. fjárheimild til að gera kleift að ríkið fjármagni tónlistarnám á vegum sveitarfélaga á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og mið- og framhaldsstigi í söngnámi. Ríkisstjórnin samþykkti 19. apríl 2011 að leggja til að veittar verði árlega allt að 250 m.kr. á ársgrunni til að mæta kostnaði við tónlistarnámið fram til ársins 2015 og var gert ráð fyrir að fjármunir til verkefnisins yrðu til ráðstöfunar frá og með haustönn 2011. Fjárframlag úr ríkissjóði til námsins verður endurskoðað síðar með hliðsjón af framvindu þeirra markmiða að ná heildarjöfnuði í ríkisfjármálum. Í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar var undirritað samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga þann 13. maí 2011 sem kveður

á um að ríkissjóður veiti árlega framlag, alls 480 m.kr., vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum og skal fjárhæðinni dreift á sveitarfélögin í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Á móti skuldbinda sveitarfélög sig til að taka yfir ný verkefni frá ríkinu sem nemur 230 m.kr. Nettó aukning á útgjöldum ríkisins vegna samkomulagsins nemur því 250 m.kr. Samkomulagið gildir fyrir skólaárin 2011–2012 og 2012–2013 en fyrir lok fyrra skólaársins skulu aðilar hefja viðræður um framlengingu og endurskoðun samkomulagsins. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012 er því gerð tillaga um 480 m.kr. fjárheimild vegna tónlistarnámsins.

## **720 Grunnskólar, almennt.**

*1.31 Sérstök fræðsluverkefni.* Óskað er eftir að veitt verði 6 m.kr. viðbótarframlag til Heimilis og skóla vegna aukinna verkefna. Viðbótarframlagið er í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar 22. mars 2011. Samtökin eru regnhlífarsamtök foreldra nemenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum og styðja við bakið á starfsemi lögbundinna ráða og þátttöku foreldra í skólastarfi, samkvæmt gildandi menntalögum. Ráðuneytið hefur leitað til samtakanna í auknum mæli eftir þátttöku í stefnumótun, við gerð lagafrumvarpa, reglugerða og þátttöku í innleiðingu menntalaganna. Jafnframt annast samtökin útfærslu og framkvæmd SAFT-verkefnisins um öruggari netnotkun.

## **872 Lánasjóður íslenskra námsmanna.**

*1.01 Lánasjóður íslenskra námsmanna.* Lagt er til að framlag lækki um 600 m.kr. vegna tímabundinnar lækkunar á kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í fjármögnun Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Árlegt framlag ríkisins gengur að mestu leyti til þess að viðhalda og byggja upp eiginfjárstöðu sjóðsins til að gera honum kleift í framtíðinni að mæta því að hann leggur mun lægri vexti á útlán sín en hann þarf sjálfur að greiða í vexti af lánum sem hann tekur til að fjármagna útlánin, auk þess sem hann þarf að eiga fyrir því sem ekki innheimtist af lánum. Bókfært eigið fé sjóðsins í árslok 2010 nam 66,5 mia.kr. en miðað við núvirðingu á útlánasafni hans er núvirt eigið fé hans 33,9 mia.kr. og er eiginfjárstaðan því talin vera mjög traust. Þessi sterka eiginfjárstaða skýrist einkum af því að vextir tekinn lána hafa verið talsvert lægri undanfarinn áratug en reiknað hafði verið með, launahækkanir í góðærinu leiddu til hraðari endurgreiðslu lána en áður auk þess sem meðallán lánþega hafa farið lækkanði þar sem stærri hluti lánþega stundar nám við íslenska skóla fremur en erlenda. Eiginfjárstaða sjóðsins þykir því vera það traust að hann hafi svigrúm til þess að dregið verði tímabundið úr framlagi ríkissjóðs um 600 m.kr. á árinu 2011, eins og lagt er til í þessu frumvarpi, og um 1 mia.kr. í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2012, þannig að framlagið verði um 7,6 mia.kr. í stað 8,2 mia.kr. á árinu 2011. Þess má geta til samanburðar að árið 2005 var framlagið 4 mia.kr.

### 903 Þjóðskjalasafn Íslands.

*1.01 Þjóðskjalasafn Íslands.* Sótt er um 6 m.kr. fjárveitingu til skráningu gagna á Héraðsskjalasafninu á Ísafirði. Gert er ráð fyrir að Héraðsskjalasafninu á Ísafirði verði falin skráning skjalasafna þeirra ríkisstofnana sem huga á skil auk annarra verkefna sem Þjóðskjalasafn leggur til. Framlagið er vegna eins stöðugildis á safninu. Tillagan er hluti af aðgerðum sem ríkisstjórnin samþykkti þann 5. apríl 2011 til að efla atvinnu og byggð á Vestfjörðum

### 969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

*6.23 Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð í Reykjavík.* Óskað er eftir 218 m.kr. framlagi svo Austurhöfn geti staðið við samningsákvæði varðandi kostnað við búnað í aðalsal Hörpu. Í verkefnissamningi Austurhafnar – TR og Portusar frá 9. mars 2006 og í endurgerð hans frá 19. janúar 2010 eru ákvæði um að viðsemjandinn Portus fái greiddar bætur vegna kostnaðar við búnað í aðalsal Hörpu svo fremi og að því leyti sem hann fer fram úr tilteknum viðmiðunarmörkum. Stjórn Austurhafnar – TR samþykkti á fundi sínum 1. maí 2011 að leggja til við eigendur sína að þeir reiði fram hvor sinn hlut svo Austurhöfn geti staðið við skuldbindingar sínar.

### 974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.

*1.01 Sinfóníuhljómsveit Íslands.* Sótt er um 90 m.kr. framlag til að bæta úr neikvæðri eiginfjárstöðu í efnahagsreikningi hljómsveitarinnar sem er komin til af þrennum toga. Samkvæmt ábendingu Ríkisendurskoðunar var Áslaugarsjóður, sem er styrktarsjóður í umsjón Sinfóníuhljómsveitar Íslands, færður úr höfuðstól í skuldbindingar í ársreikningi 2010 og lækkaði aðgerðin höfuðstólsstöðu liðarins um 39,7 m.kr. Í öðru lagi var gjaldfært 29,9 m.kr. gengistap á verðbréfum sem Sinfóníuhljómsveitin keypti á árinu 2006 fyrir endurgreiðslufé frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna ofgreiddra lífeyrissjóðsiðgjalda. Í þriðja lagi var gjaldfærð 20,9 m.kr. hljóðfæraeign þegar hljómsveitin var flutt úr B–hluta inn í A–hluta ríkissjóðs. Í heildina hafa þessir þrjú þættir veikt höfuðstólsstöðu liðarins um 90,5 m.kr. Þar sem ljóst er að rekstur hljómsveitarinnar getur ekki borið halla af þessari stærðargráðu er lagt til að staða hennar gagnvart fjárheimildum verði styrkt um 90 m.kr. en slík fjárheimild mun þó ekki fela í sér greiðslu úr ríkissjóði.

### 982 Listir, framlög.

*1.57 Þátttaka í bókakaupstefnu í Frankfurt árið 2011.* Óskað er eftir 20 m.kr. aukaframlagi til uppgjors á ýmsum umframkostnaði og eftirfylgni á kynningarverkefnum í tengslum við hlutverk Íslands sem heiðursgests á bókakaupstefnu í Frankfurt haustið 2011. Áætlað er að þessi kostnaður nemi alls 45 m.kr. og að þar af falli 25 m.kr. til á næsta ári og er því gert ráð fyrir framlagi vegna þess í fjárlagafrumvarpi ársins 2012.

Samtals voru veittar 300 m.kr. vegna kaupstefnunnar árin 2007 til 2011. Kostnaðurinn skiptist í fjóra meginhluta: þýðingarstyrki til bókaútgáfufyrirtækja, upplýsinga- og kynningarstarf, menningarkynningu í Þýskalandi og þátttakan á sjálfri bóka kaupstefnunni sem gestaland.

### 999 Ýmislegt.

*1.98 Ýmis framlög mennta- og menningarmálaráðuneytis.* Ríkisstjórnin samþykkti á fundi 29. mars sl. að gera tillögu um 26 m.kr. framlag í fjárukalagafrumvarpi 2011 til að endurnýja samning við Telenor um stafrænar útsendingar fyrir RÚV í gegnum gervihnött.

*6.90 Ýmis stofnkostnaðarframlög.* Óskað er eftir 18,2 m.kr. framlagi vegna stofnkostnaðar við framkvæmdir og endurbætur á aðstöðu fyrir Unglingalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum sumarið 2011. Tíðkast hefur að veita slíka styrki vegna landsmóta á liðnum árum af þessum lið en það misförst við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2011.

## 03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 460,5 m.kr.

### 101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.

*1.01 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.* Lagt er til að 1,5 m.kr. fjárheimild verði milli-færð frá skrifstofunni til *09–980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga* vegna flutnings umsýslu bifreiðamála Stjórnarráðsins, sjá nánar í skýringum um þann lið á bls. 101.

### 111 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis.

*1.01 Þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis.* Óskað er eftir 306,6 m.kr. framlagi til þýðingaverkefna. Á móti fjárheimild samkvæmt þessari tillögu er gert ráð fyrir að komi óafturkræfur styrkur til íslenska ríkisins frá Evrópusambandinu sem færast á tekjuhlið og hafa verkefnin að því leyti til ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Þýðingamiðstöðin vinnur um þessar mundir að þýðingu á löggjöf Evrópusambandsins í tengslum við umsókn Íslands um aðild að sambandinu. Alþingi veitti 180 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár vegna þessara verkefna í fjárlögum ársins 2010, eða samtals 540 m.kr. Sú fjárveiting verður að hluta til mótframlag Íslands á móti stuðningi Evrópusambandsins. Búið er við að fyrsti hluti styrksins verði greiddur á þessu ári að upphæð 306,6 m.kr. en þar af eru 15,3 m.kr. ætlaðar til að koma á fót tulkunarnámi við Háskóla Íslands.

#### 401 Alþjóðastofnanir.

*1.41 Atlantshafsbandalagið, NATO.* Gerð er tillaga um 38,9 m.kr. lækkun á fjárveitingum til NATO vegna nýrra höfuðstöðva. Hlutdeild Íslands í byggingu nýrra höfuðstöðva á árinu 2011 er nú áætluð 38,9 m.kr. lægri en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir vegna hagstæðari verksamninga bandalagsins. Í þeim felst að heildarkostnaður Íslands vegna byggingar nýrra höfuðstöðva verður rúmar 3 milljónir evra fram til ársins 2016 í stað 3,5 milljónir evra samkvæmt fyrri áætlun, eða sem svarar til um 480 m.kr.

*1.85 Alþjóðleg friðargæsla.* Gerð er tillaga um 168,1 m.kr. hækkun á fjárveitingum til alþjóðlegrar friðargæslu. Nú þegar hafa verið greiddar 422,7 m.kr. af þessum lið á árinu og gert er ráð fyrir að greiða þurfi 71,8 m.kr. til viðbótar til áramóta. Því stefnir í 168,1 m. kr. halla a liðnum á þessu ári. Fjárhagsáætlun vegna friðargæsluverkefna Sameinuðu þjóðanna er gerð fyrir tímabilið 1. júlí til 30. júní og liggur ekki fyrir fyrir en í lok júní, þ.e. eftir að fjárlagatillögur utanríkisráðuneytis hafa verið lagðar fram Sú fjárhagsáætlun nær að auki aðeins fram til júní næsta árs á meðan að fjárlög íslenska ríkisins ná til loka ársins. Jafnframt eru miklar sveiflur í fjárhag alþjóðlegrar friðargæslunnar milli ára en verkefnið ákvarðast af heimsviðburðum sem ekki er hægt að sjá fyrir þegar áætlanir eru gerðar.

#### 611 Íslandsstofa.

*1.10 Íslandsstofa.* Farið er fram á að framlag verði aukið um 26,2 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af markaðsgjaldi.

### 04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 247,3 m.kr.

#### 101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.

*1.01 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.* Lagt er til að liðurinn hækki samtals um 34 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 36 m.kr. viðbótarframlag vegna aðkeyptar sérfræðiaðstoðar. Annars vegar er um að ræða kostnað í tengslum við vinnu við endurskoðun laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og samningu frumvarpa. Kostnaður á árinu 2010 til júníloka 2011, var um 31 m.kr. og hins vegar hefur ráðuneytið greitt um 5 m.kr. í aðkeypta sérfræðiaðstoð vegna vinnu við rýningu gerða vegna umsóknar Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Í öðru lagi er lagt til að 2 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá skrifstofunni til *09–980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga* vegna flutnings umsýslu bifreiðamála Stjórnarráðsins, sjá nánar í skýringum um þann lið á bls. 101.



#### 417 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs.

*1.10 Rannsóknasjóður til að auka verðmæti sjávarfangs.* Lagt er til að liðurinn hækki um samtals 132 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 116 m.kr. framlag á þessum lið. Samkvæmt 8. gr. laga nr. 70/2011 hefur ráðherra til ráðstöfunar, til sérstakrar úthlutunar á fiskveiðiarunum 2010/2011 og 2011/2012, 2.000 lestir af íslenskri sumar-gotssíld og 2.000 lestir af norsk-íslenskri síld. Fiskveiðiárið 2011/2012 hefur ráðherra einnig til ráðstöfunar, til sérstakrar úthlutunar, 1.200 lestir af skötusel. Aflaheimildum þessum er heimilt að ráðstafa til fiskiskipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni gegn gjaldi sem er 176 kr. fyrir hvert kg af skötusel og 13 kr. fyrir hvert kg af síld. Samkvæmt lögnum skulu tekjur af aflaheimildum þessum renna til ríkissjóðs og skal þeim ráðstafað á þann veg að þær renni í rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs, með það að markmiði að stuðla að rannsóknum, nýsköpun og þróun í sjávarbyggðum. Áætlað er að á árinu 2011 verði tekjur ríkissjóðs af þessum aflaheimildum 116 m.kr. og er hér sótt um jafn mikið framlag úr ríkissjóði í samræmi við téð lagaákvæði. Í öðru lagi er lögð til 16 m.kr. fjárveiting á liðinn. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 70/2011 hefur ráðherra til ráðstöfunar allt að 300 lestum af óslægðum botnfiski á hverju fiskveiðiári, sem gegn greiðslu gjalds er heimilt að ráðstafa til skipa sem hafa leyfi til frístunda-veiða og skulu tekjur af aflaheimildum þessum renna í rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs. Áætlað er að á árinu 2011 verði tekjur af þessum aflaheimildum 16 m.kr. og er hér sótt um heimild til að ráðstafa tekjunum í samræmi við téð lagaákvæði.

#### 811 Bændasamtök Íslands.

*1.11 Ráðgjafarþjónusta og búfjárrækt.* Lagt er til að veitt verði 1,3 m.kr. viðbótar-framlag á viðfangsefnið. Fjárheimild ársins 2011 er samkvæmt fjárlögum 398,7 m.kr. en ætti að vera 400 m.kr. samkvæmt endurreikningi.

#### 853 Bjargráðasjóður.

*1.10 Bjargráðasjóður.* Lagt er til að millifærðar verði samtals 80 m.kr. af lið 09–989–  
*1.90 Ófyrirséð útgjöld* til Bjargráðasjóðs. Í fyrsta lagi vegna tjóns af völdum eldgossins í Grímsvötnum sem sjóðurinn þarf að bæta samkvæmt sömu reglum og settar voru á árinu 2010 vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Vinna við úttekt stendur yfir en ekki liggur fyrir áætlun um umfang tjóns. Á þessu stigi gerir ráðuneytið ráð fyrir að fjárþörfin vegna þessa verði um 50 m.kr. á árinu 2011. Í öðru lagi er áætlað að 30 m.kr. vanti í Bjargráðasjóð til að ljúka bótagreiðslum vegna eldgossins í Eyjafjallajökli, samkvæmt reglum sem settar voru árið 2010 og fyrirheitum sem gefin hafa verið í samræmi við þær á árinu 2011.



## 06 Innanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild innanríkisráðuneytis verði aukin um 1.395 m.kr.

### 101 Innanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.

*1.01 Innanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.* Lagt er til að liðurinn verði lækkaður um samtals 18,9 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að 2,4 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá skrifstofunni til 09–980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga vegna flutnings umsýslu bifreiðamála Stjórnarráðsins, sjá nánar í skýringum um þann lið á bls. 101. Í öðru lagi er lagt til að millifærð verði 16,5 m.kr. frá aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna flutnings ráðuneytisins frá Skuggasundi 3 í Sölvhólsögötu 7 í tengslum við breytta húsnæðisþörf vegna sameiningar ráðuneyta og breytinga í stjórnarráðinu. Fjárveitingin er að stærstum hluta millifærð til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins og velferðar-ráðuneytisins.

*6.21 Húsnæðisframkvæmdir.* Lagt er til að veitt verði 41,8 m.kr. fjárheimild vegna framkvæmda við húsnæði innanríkisráðuneytisins að Sölvhólsögötu 7 í tengslum við sameiningu dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins á einum stað. Þar sem um stofnkostnaðarframlag til ráðuneytisins er að ræða var ekki mögulegt að nýta afgangsráðuneytanna tveggja frá fyrra ári. Þar sem að hámarki er unnt að flytja afgangsráðuneytanna sem nema 10% af veltu fjárlagaliðarins frá fyrra ári samkvæmt viðmiðunarreglum, er gert ráð fyrir að rekstrarheimildir fyrra árs umfram það verði felldar niður í lokafjárlögum 2010 á móti þessu framlagi.

### 111 Kosningar.

*1.10 Kosningar.* Kostnaðaráætlun vegna þjóðaratkvæðagreiðslu þann 9. apríl, í kjölfar synjunar forseta á staðfestingu laga nr. 13/2011 nemur í heild 245 m.kr. Þar vega langþingst framlög til sveitarfélaga sem áætluð eru 170 m.kr. Launagjöld eru áætluð 40 m.kr. því til viðbótar. Er þá meðtalinn kostnaður við störf Landskjörsstjórnar og starfsmanna sýslumannsembætta. Prentun, kynning og ýmis sérfræðiþjónusta í tengslum við kosninguna eru áætluð 35 m.kr.

### 210 Héraðsdómstólar.

*1.01 Héraðsdómstólar.* Óskað er eftir 65,5 m.kr. fjárheimild vegna úrskurðar kjararáðs um launakjör dómara vegna sérstaks álags. Samkvæmt úrskurði kjararáðs frá 4. febrúar sl. voru laun dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur hækkuð með því að fjölga greiddum einingum um 20 og kemur fjölgun greiddra eininga til viðbótar einingum sem eru

greiddar samkvæmt úrskurði kjararáðs frá 2009. Með nýjum úrskurði kjararáðs frá 24. maí 2011 voru launakjör allra héraðsdómara hækkuð til samræmis vegna aukins álags. Hver eining er ígildi 5.058 kr. Álagsgreiðslurnar eru tímabundnar til 31. janúar 2013 og hækka laun héraðsdómara því um rúmar 101 þús. kr. á mánuði á tímabilinu og verða rúmar 830 þús. kr. á mánuði. Hækkun launa héraðsdómara samkvæmt þessum úrskurðum kjararáðs, vegna aukins álags, kemur til viðbótar auknum fjárveitingum bæði hjá hæstarétti og héraðsdómsólum, sem þegar hefur verið gert ráð fyrir í fjárlögum að fjölga dómurum og aðstoðarmönnum vegna aukins álags.

### **236 Sanngirnibætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn.**

*1.10 Sanngirnibætur vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn.* Gerð er tillaga um að veitt verði 292,5 m.kr. framlag til viðfangsefnisins. Með gildandi fjárlögum var veitt til þess 251 m.kr. og þar af var gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður yrði 16 m.kr. Nú er áætlað að úrskurðaðar bætur sem koma til greiðslu á árinu til fyrrum vistmanna á Breiðavík, Kumbaravogi, Heyrnleysingjaskólanum, Bjargi, Reykjahlíð og Jaðri geti orðið allt að 543,5 m.kr. og því þarf að koma til 292,5 m.kr. viðbótarframlag á þessu ári. Í fjárlögum 2012 er gert ráð fyrir 384,5 m.kr. framlagi og því er nú áætlað að framlag vegna sanngirnibóta vegna misgjörða á vistheimilum fyrir börn verði 928 m.kr. í heild. Áætlanir gera ráð fyrir að bætur verði greiddar vegna 150 vistmanna í Breiðuvík, svipaðs fjölda vistmanna í Heyrnleysingjaskólanum og á Kumbaravogi, og um 50 vistmanna að Bjargi og í Reykjahlíð. Fjöldi fyrrum vistmanna að Jaðri sem gæti átt rétt á bótum er meiri óvissu háður en talið er að þeir verði færri en á hinum heimilunum. Auk þess er í áætlunum gert ráð fyrir bótum til vistmanna á Silungapölli og Unglingaheimili ríkisins. Þar gæti verið um töliverðann fjölda vistmanna að ræða en bætur á móti lægri en á hinum stöðunum.

### **303 Ríkislögreglustjóri.**

*1.01 Ríkislögreglustjóri.* Lagt er til að liðurinn verði lækkaður um samtals 18,9 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að framlag til liðarins verði aukið um 27,8 m.kr. vegna eldsumbrotanna í Grímsvötnum og hlaupsins í Múlakvísl. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09–989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið. Sjá nánar á bls. 101. Í öðru lagi er lagt til að millifærðar verði 46,7 m.kr. af fjárveitingum embættis ríkislögreglustjóra til embættis sérstaks saksóknara. Alþingi hefur samþykkt breytingu á lögum nr. 135/2008 um embætti sérstaks saksóknara og tóku hin breyttu lög gildi hinn 1. september 2011 með þeim kostnaðaráhrifum sem tillaga þessi gerir ráð fyrir. Frá þeim tíma er efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra sameinuð embætti Sérstaks saksóknara.

### 309 Sérstakur saksóknari samkvæmt lögum nr. 135/2008.

*1.01 Sérstakur saksóknari.* Lagt er til að millifærðar verði 46,7 m.kr. af fjárveitingum embættis ríkislögrelustjóra til embættis sérstaks saksóknara. Alþingi hefur samþykkt breytingu á lögum nr. 135/2008 um embætti sérstaks saksóknara og tóku hin breyttu lög gildi hinn 1. september 2011 með þeim kostnaðaráhrifum sem tillaga þessi gerir ráð fyrir. Frá þeim tíma er efnahagsbrotadeild ríkislögrelustjóra sameinuð embætti Sérstaks saksóknara.

### 310 Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

*1.01 Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.* Lagt er til að liðurinn hækki samtals um 33,6 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að veitt verði 33 m.kr. aukaframlag til embættisins vegna sérstaks átaksverkefnis lögreglu til að vinna gegn skipulagðri brotastarfsemi. Tillagan er flutt með vísan til samþykkis ríkisstjórnarinnar hinn 7. apríl s.l. á minnisblaði innanríkisráðherra þar sem lagt var til að samtals yrði 47 m.kr. varið til verkefnisins, þ.e. 14 m.kr. til lögrelustjórans á Suðurnesjum auk þeirra 33 m.kr. sem hér um ræðir. Í öðru lagi er lagt til að framlag til liðarins verði aukið um 0,6 m.kr. vegna eldsumbrotanna í Grímsvötnum og hlaupsins í Múlakvísl. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09–989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið. Sjá nánar á bls. 101.

### 312 Lögrelustjórinn á Suðurnesjum.

*1.01 Lögrelustjórinn á Suðurnesjum.* Lagt er til að veitt verði 14 m.kr. til embættisins vegna sérstaks átaksverkefnis lögreglu til að vinna gegn skipulagðri brotastarfsemi. Tillagan er flutt með vísan til samþykkis ríkisstjórnarinnar hinn 7. apríl s.l. á minnisblaði innanríkisráðherra þar sem lagt var til að samtals yrði 47 m.kr. varið til verkefnisins, þ.e. 33 m.kr. til lögrelustjórans á höfuðborgarsvæðinu auk þeirra 14 m.kr. sem hér um ræðir.

### 395 Landhelgisgæsla Íslands.

*1.90 Landhelgisgæsla Íslands.* Lagt er til að bæði sértekjur og gjöld Landhelgisgæslunnar hækki um 1.080 m.kr. Um er að ræða veltu erlendra verkefna, en eftir bankahrunið hefur Landhelgisgæslan leitast við að afla sér verkefna til þess m.a. að vega á móti lægri fjárveitingum úr ríkissjóði. Á þessu ári hafa þær áætlanir gengið eftir með samningum við Landmærastofnun Evrópu (Frontex) og með fiskveiðieftirliti á vegum Evrópusambandsins. Eftirlistflugvélin og bæði varðskipin hafa komið að verkefnunum. Með þessu móti hefur tekist tímabundið að fjölga starfsfólki Landhelgisgæslunnar og efla þjálfun þess þrátt fyrir lækkun fjárheimilda.

**396 Landhelgissjóður Íslands.**

*6.41 Landhelgissjóður Íslands.* Óskað er eftir 70 m.kr. fjárveitingu vegna lokauppgjör við smíði varðskipsins Þórs í Chile. Smíðasamningur var undirritaður við skipasmíðastöðina Asmar í Chile í desember 2006 og var samningsverðið 29,4 milljónir evra. Þar að auki var ákveðið með samþykki stýrihóps dómsmálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis að taka þeim valmöguleikum sem óskað var eftir í útboðinu sem voru fjölgeislamælir og olíuhreinsunarbúnaður. Við afstemmingu á fjárveitingum vegna smíðinnar við gerð fjárlaga fyrir árið 2011 vantaði hins vegar inn í áætlanir Landhelgisgæslunnar kostnaðurinn vegna olíuhreinsibúnaðarins. Þetta myndaði um 110 m.kr. halla á sjóðnum á síðasta ári og er óskað eftir aukafjárveitingu að frátöldum væntanlegum gengisbótum á árinu 2011 til að mæta þessu halla.

**414 Sýslumaður Snæfellinga.**

*1.01 Yfirstjórn.* Gert er ráð fyrir að framlag til embættisins lækki um 7,5 m.kr. Forsætisráðuneytið fer með umsjón þjóðlendna samkvæmt lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur. Ráðuneytið gerði þjónustusamning við embætti sýslumanns Snæfellinga um að annast skráningu þjóðlendna og daglega umsýslu með þeim, s.s. umsýslu í tengslum við leyfisveitingar og fékk embættið nýtt 10 m.kr. framlag í fjárlögum 2009 til að standa undir árlegum útgjöldum við verkefnið. Fyrr á þessu ári var ákveðið að umsýsla með þjóðlendum færist frá sýslumanni Snæfellinga til forsætisráðuneytisins og er því gert ráð fyrir því að hluti fjárveitingarinnar falli brott á þessu ári og að öllu leyti 2012. Forsætisráðuneytið mun í framhaldinu kanna nánar með hvaða hætti umsjón með þjóðlendum verður best komið fyrir.

**428 Sýslumaðurinn á Eskifirði.**

*1.20 Löggæsla.* Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 0,8 m.kr. vegna elds-umbrotanna í Grímsvötnum og hlaupsins í Múlakvísl. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09–989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið. Sjá nánar á bls. 101.

**431 Sýslumaðurinn á Hvolsvelli.**

*1.20 Löggæsla.* Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 1,6 m.kr. vegna elds-umbrotanna í Grímsvötnum og hlaupsins í Múlakvísl. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09–989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið. Sjá nánar á bls. 101

**433 Sýslumaðurinn á Selfossi.**

*1.20 Löggæsla.* Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 1,3 m.kr. vegna elds-umbrotanna í Grímsvötnum og hlaupsins í Múlakvísl. Lagt er til að fjárveitingin

verði flutt af liðnum 09–989 *Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið. Sjá nánar á bls. 101

### 651 Vegagerðin.

5.10 *Viðhald*. Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 82,5 m.kr. vegna elds-umbrotanna í Grímsvötnum og hlaupsins í Múlakvísl. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum 09–989 *Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið. Sjá nánar á bls. 101.

6.10 *Framkvæmdir*. Sótt er um 350 m.kr. hækkun á fjárheimild Vegagerðarinnar til nýrra framkvæmda á Vestfjörðum til viðbótar við þau verkefni sem búið er að gera ráð fyrir í samgönguáætlun í landshlutanum. Miðað er við að verkefnin verði valin samkvæmt faglegu mati Vegagerðarinnar og með hliðsjón af því hver verkefnanna eru best til þess fallin að auka atvinnu, bæta öryggi vegfarenda og bæta ástand vegamála á Vestfjörðum almennt. Tillagan er hluti af aðgerðum sem ríkisstjórnin samþykkti þann 5. apríl 2011 til að efla atvinnu og byggð á Vestfjörðum.

### 662 Hafnarframkvæmdir.

1.01 *Almennur rekstur*. Sótt er um 22,2 m.kr. framlag til að standa straum af tjónastyrkjum. Um er að ræða 18 m.kr. til Fjallabyggðar vegna Ólafsfjarðar, 2,8 m.kr. til Hafnasamlags Norðurlands á Akureyri og 1,4 m.kr. til Borgarfjarðar eystri. Hafnaráð hefur samþykkt styrkina sem eru að tillögu Siglingastofnunar og samkvæmt heimild í hafnalögum. Í lokafjárlögum 2008 voru uppsafnaðar afgangsheimildir tjónasjóðs að verulegu leyti felldar niður. Afla verður heimildar í fjárukalögum til að bæta tjón á styrkhæfum hafnarmannvirkjum ef fjárheimild ársins nægir ekki.

6.72 *Landeyjahöfn*. Farið er fram á 60 m.kr. viðbótarframlag til viðhaldsdýpkunar í Landeyjarhöfn. Svo sem áður hefur komið fram hefur verið erfiðleikum bundið að halda höfninni opinni vegna sandburðar sem stafaði frá gosinu í Eyjafjallajökli og vegna óvenjulegra og óhagstæðra ölduáttu. Í fjárukalögum ársins 2010 var veitt 180 m.kr. framlag til viðhaldsdýpkunar svo halda mætti höfninni opinni fram í apríl s.l. en gert var ráð fyrir að það kostaði 30 m.kr. á mánuði að leigja stærra sanddæluskip en áður var fyrir hendi. Nú er gert ráð fyrir að á síðustu mánuðum þessa árs þurfi að fara fram viðhaldsdýpkun og því er farið fram á þetta framlag til að geta staðið undir kostnaði við hana.

### 672 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.

1.01 *Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta*. Lagt er til að útgjaldaheimildir fjárlagaliðarins lækki í heild um 466 m.kr. og þar af um 179 m.kr. á þessu viðfangsefni. Með því að Alþingi hefur frá og með 18. maí 2011 felld úr gildi lög um flugmálaáætlun og fjáröflun til flugmála falla niður tekjur ríkissjóðs af flugvallaskatti og varaflugvalla-

gjaldi frá þeim tíma. Framlag til félagsins ISAVIA á útgjaldahlið lækkar í sama mæli þar sem félagið innheimtir í staðinn jafn mikil notendagjöld af flugrekstraraðilum samkvæmt gjaldskrá. Um er að ræða formbreytingu á fyrirkomulagi tekjuöflunarinnar sem hefur engin teljandi áhrif á afkomu ríkissjóðs né félagsins.

*5.41 Viðhald.* Lagt er til að útgjaldaheimildir fjárlagaliðarins lækki um 58 m.kr. á þessu viðfangsefni, sjá skýringu við *1.01*.

*6.41 Framkvæmdir.* Lagt er til að útgjaldaheimildir fjárlagaliðarins lækki um 229 m.kr. á þessu viðfangsefni, sjá skýringu við *1.01*.

### **705 Kirkjumálasjóður.**

*1.10 Kirkjumálasjóður.* Lagt er til að lögboðið framlag til Kirkjumálasjóðs vegna sóknargjalda verði lækkað um 3,8 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Einingarverð sóknargjalda var ákvarðað með lögum sem 698 kr. á mánuði fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri á þessu ári og breytist því ekki en breyting hefur orðið á milli trúfélaga á fjölda einstaklinga sem skráðir eru í þau.

### **735 Sóknargjöld.**

*1.10 Sóknargjöld til þjóðkirkjunnar.* Lagt er til að lögboðið framlag til safnaða þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði lækkað um 26,5 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Einingarverð sóknargjalda var ákvarðað með lögum sem 698 kr. á mánuði fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri á þessu ári og breytist því ekki en breyting hefur orðið á milli trúfélaga á fjölda einstaklinga sem skráðir eru í þau.

*1.20 Sóknargjöld til annarra trúfélaga.* Lagt er til að lögboðið framlag til annarra trúfélaga en þjóðkirkjunnar vegna sóknargjalda verði hækkað um 14 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Einingarverð sóknargjalda var ákvarðað með lögum sem 698 kr. á mánuði fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri á þessu ári og breytist því ekki en breyting hefur orðið á milli trúfélaga á fjölda einstaklinga sem skráðir eru í þau.

### **736 Jöfnunarsjóður sókna.**

*1.10 Jöfnunarsjóður sókna.* Lagt er til að lögboðið framlag til Jöfnunarsjóðs sókna vegna sóknargjalda verði lækkað um 4,9 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Einingarverð sóknargjalda var ákvarðað með lögum sem 698 kr. á mánuði fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri á þessu ári og breytist því ekki en breyting hefur orðið á milli trúfélaga á fjölda einstaklinga sem skráðir eru í þau.

### **821 Þjóðskrá Íslands.**

*1.01 Þjóðskrá Íslands.* Lagt er til að fjárheimild stofnunarinnar verði hækkuð um 45 m.kr. til að gera henni kleift að bregðast við aukinni vegabréfaútgáfu. Aukningin

kemur til af því að árið 2006 var gildistími vegabréfa styttr í 5 ár. Á þessu ári og á næstu fimm árum koma því til endurútgáfu bæði vegabréf til 5 ára og 10 ára og er áætlað að útgáfan muni aukast um u.þ.b. 15.000 vegabréf á ári en hún hefur verið um 30.000 útgefin vegabréf á ári. Eftir 2016 mun vegabréfaútgáfa komast að nýju í jafnvægi. Árleg útgáfa ætti þá miðað við óbreyttar forsendur að verða 60.000 útgefin vegabréf en ekki er þó gert ráð fyrir svo mikilli aukningu vegna breyttra efnahagsaðstæðna í samfélaginu og því er nú áætlað að hið nýja jafnvægi í útgáfunni verði á bilinu milli 45 og 50 þúsund vegabréf. Tekjur vegna útgáfunnar renna í ríkissjóð en kostnaðurinn vegna hennar verður til hjá Þjóðskrá Íslands og er að hluta til erlendur þar eð vegabréfabækurnar eru keyptar erlendis frá. Sá kostnaður hefur því nær tvöfaldast vegna gengislækkunar krónunnar frá árinu 2008 og er innkaupsverð hverrar vegabréfabókar um 3.000 kr. Gjald fyrir útgefið vegabréf er í dag kr. 7.700. Viðbótaskjör ríkissjóðs af þessari auknu útgáfu eru því áætlaðar 115,5 m.kr. á ári.

#### **841 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.**

*1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög.* Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 415 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög miðað við hlutföll af skatttekjum ríkisins og útsvarsstofni árið 2011. Spáin miðast við að skatttekjur verði 423.849 m.kr. á þessu ári og að álagningarstofn útsvars hafi verið 902.447 m.kr. árið 2011.

*1.11 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök viðbótarframlög.* Lagt er til að framlag vegna húsaleigubóta sveitarfélaga sem færast á þennan lið verði hækkað um 140 m.kr. á árinu miðað við að greitt verði áfram samkvæmt samkomulagi um breytingar á bótakerfinu sem gert var 7. apríl 2008. Samkomulagið rann út 31. mars 2010 og þurfa ríkið og sveitarfélögin að semja sín í milli um fyrirkomulag bótakerfisins og fjármögnun á því. Með gildandi fjárlögum var framlag til verkefnisins hækkað um 600 m.kr. Nú þykir ljóst að viðbótarkostnaðurinn í ár stefnir í að verða allt að 740 m.kr. Viðbótarkostnaður við kerfið vegna samkomulagsins verður þar með orðinn um 1.670 m.kr. á árinu 2011 en hann var upphaflega áætlaður 432 m.kr. þegar samkomulagið var gert.

## **08 Velferðarráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild velferðarráðuneytis verði aukin um 14.580,7 m.kr.

#### **101 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa.**

*1.01 Velferðarráðuneyti, aðalskrifstofa.* Lagt er til að liðurinn verði lækkaður samtals um 21,2 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að 1,5 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá skrifstofunni til *09–980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga* vegna flutnings umsýslu



bifreiðamála Stjórnarráðsins, sjá nánar í skýringum um þann lið á bls. 101. Í öðru lagi er lagt til að millifærðar verði 19,7 m.kr. frá aðalskrifstofu ráðuneytisins vegna flutnings stofnunarinnar frá Vegmúla 3 í Hafnarhúsið í tengslum við breytta húsnæðisþörf vegna sameiningar ráðuneyta og breytinga í stjórnarráðinu. Fjárveitingin er milli-færð til Fjárslu ríkisins.

## 190 Ýmis verkefni.

*1.10 Fastanefndir.* Lagt er til að millifærðar verði 0,8 m.kr. af liðnum vegna sameiningar ráðuneyta og breytinga í stjórnarráðinu í tengslum við þær breytingar. Fjárveitingin millifærir til Fjárslu ríkisins.

## 203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

Gert er ráð fyrir að fjárheimildir liðarins hækki um 1.283 m.kr. og skýrist það af tveimur atriðum. Annars vegur eru bætur hækkaðar um 628 m.kr. með vísan til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að lífeyrisþegar og atvinnulausir njóti hliðstæðra kjarabóta og samið var um í kjarasamningi ASÍ og SA en 64 m.kr. af þeirri fjárhæð er eingreiðsla til bótaþega og færir undir viðfangið 08–203 *Heimilisuppbót*. Hins vegar er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 655 m.kr. vegna endurmats á áætluðum útgjöldum ársins 2011 en nánari skiptingu milli einstakra liða er að finna í töflunni hér á eftir.

Ástæða er þó til að gera frekari grein fyrir fjárhæðum eins viðfangs liðarins umfram það sem kemur fram í töflunni en þar hafa útgjöldin farið umtalsvert fram úr áætlunum.

*1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega.* Lagt er til að liðurinn hækki samtals um 842 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að fjárheimild liðarins hækki um 867 m.kr. Tillagan byggir á endurmati á áætluðum útgjöldum ársins 2011 en í því mati kom í ljós að útgjöld liðarins voru stórlega vanáætluð. Skýrist það annars vegar vegna fjölgunar bótaþega umfram lýðfræðilega fjölgun og hins vegar af verðbreytingum. Á fyrstu 9 mánuðum yfirstandandi árs hefur orðið fjölgun í bótaflokknum um rúm 45% samanborið við sama tímabil í fyrra en fjölgun bótaþega má að mestu leyti rekja til þess að fjármagns- og lífeyristekjur þeirra voru ofáætlaðar í tekjuáætlunum Tryggingastofnunar ríkisins ársins 2010. Má þar nefna að lífeyristekjur bótaþega voru ofáætlaðar um rúma 1,4 mia.kr. sem skýrist af skerðingu lífeyrissjóða á réttindum sjóðsfélaga og skilar það sér í hærri útgjöldum þessa liðar. Fjármagnstekjur voru ofáætlaðar um 4,5 mia.kr. þar sem vextir, verðbætur og arður bótaþega reyndist mun lægri en gert hafði verið ráð fyrir og yfirfærðist það ofmat yfir í fjárlagagerð yfirstandandi fjárlaga. Á móti vegur að atvinnutekjur voru vanáætlaðar sem 0,8 mia.kr. og vegur það á móti ofmati fjármagns-



og lífeyristekna. Þessar tekjubreytingar hafa mikil áhrif á útgjöld þessa liðar þar sem hann er tekjutengdur krónu á móti krónu. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 25 m.kr. með vísan til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að lífeyrisþegar og atvinnulausir njóti hliðstæðra kjarabóta og samið var um í kjarasamningi ASÍ og SA. Miðast það við að við útreikning framfærsluuppbótar skuli ekki taka tillit til uppbótar vegna reksturs bifreiðar. Uppbótin mun þannig standa utan við það tekjuviðmið sem lagt er til grundvallar útreikningi framfærsluuppbótarinnar líkt og gildir um aðrar uppbætur vegna kostnaðar, svo sem sjúkra- og lyfjakostnaðar. Milli 1.200 og 1.300 einstaklingar koma til með að njóta góðs af þessari breytingu. Í frumvarpi til fjárlaga 2012 er gert ráð fyrir sambærilegri hækkun útgjalda.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hækkun bóta	Endurmat 2011
<b>203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð</b>		
1.11 Mæðra- og feðralaun .....	14,0	-20,0
1.15 Umönnunargreiðslur .....	62,0	79,0
1.21 Makabætur og umönnunarbætur .....	5,0	-56,0
1.25 Dánarbætur .....	3,0	-11,0
1.31 Endurhæfingarlífeyrir .....	153,0	-203,0
1.35 Barnalífeyrir vegna menntunar .....	7,0	-19,0
1.41 Heimilisuppbót .....	340,0	191,0
1.51 Frekari uppbætur .....	16,0	-70,0
1.52 Sérstök uppbót lífeyrisþega .....	-25,0	867,0
1.55 Bifreiðakostnaður .....	53,0	-69,0
1.91 Annað .....	0,0	-34,0
<b>Samtals bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð .....</b>	<b>628,0</b>	<b>655,0</b>
<b>204 Lífeyristryggingar</b>		
1.11 Ellilífeyrir .....	1.716,0	354,0
1.15 Örorkulífeyrir .....	902,0	-26,0
1.16 Aldurstengd örorkuuppbót .....	113,0	77,0
1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega .....	1.517,0	2.484,0
1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega .....	1.070,0	596,0
1.28 Vasapeningar ellilífeyrisþega .....	14,0	64,0
1.29 Vasapeningar örorkulífeyrisþega .....	3,0	-6,0
1.31 Örorkustyrkur .....	8,0	-2,0
1.35 Barnalífeyrir .....	130,0	-96,0
1.91 Annað .....	0,0	-102,0
<b>Samtals lífeyristryggingar .....</b>	<b>5.473,0</b>	<b>3.343,0</b>
<b>Samtals .....</b>	<b>6.101,0</b>	<b>3.998,0</b>

#### 204 Lífeyristryggingar.

Gert er ráð fyrir að fjárheimildir liðarins hækki um 1.283 m.kr. og skýrist það af tveimur atriðum. Annars vegar eru bætur liðarins hækkaðar um 5.473 m.kr. með vísan

til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að lífeyrisþegar og atvinnulausir njóti hliðstæðra kjarabóta og samið var um í kjarasamningi ASÍ og SA en 2.043 m.kr. af þeirri fjárhæð er eingreiðsla til elli- og örorkulífeyrisþega. Hins vegar er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 3.343 m.kr. vegna endurmats á áætluðum útgjöldum ársins 2011 en nánari skiptingu milli einstakra liða er að finna í töflunni hér á undan.

Ástæða er þó til að gera frekari grein fyrir fjárhæðum tveggja viðfanga liðarins umfram það sem kemur fram í töflunni hér fyrir framan en þar hafa útgjöldin farið umtalsvert fram úr áætlunum.

*1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega.* Lagt er til að liðurinn hækki samtals um 2.851 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að fjárheimild liðarins hækki um 2.484 m.kr. Tillagan byggir á endurmati á áætluðum útgjöldum ársins 2011 en í ljós hefur komið að þau voru stórlega vanáætluð og skýrist það vegna fjölgunar bótaþega umfram lýðfræðilega fjölgun og verðbreytingum. Á fyrstu 9 mánuðum yfirstandandi árs hefur orðið fjölgun í bótaflokknum um tæp 10% en útgjöldin hafa vaxið um 40% samanborið við sama tímabil í fyrra. Breytingarnar má að mestu rekja til þess að fjármagns- og lífeyristekjur ellilífeyrisþega voru ofáætlaðar í tekjuáætlunum Tryggingastofnunar ríkisins 2010 og yfirfærðist það ofmat í fjárlagagerð yfirstandandi fjárlaga. Skerðing lífeyrissjóða á réttindum sjóðsfélaga hefur þannig áhrif á útgjöld þessa liðar auk þess sem vextir, verðbætur og arður reyndist mun lægri gert var ráð fyrir í tekjuáætlunum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 1.517 m.kr. með vísan til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að lífeyrisþegar og atvinnulausir njóti hliðstæðra kjarabóta og samið var um í kjarasamningi ASÍ og SA. Af umbeðinn fjárhæð eru 277 m.kr. vegna orlofs- og desemberuppbótar. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að beint framlag úr ríkissjóði til að fjármagna lífeyrstryggingar lækki um 1.150 m.kr. þar sem áætlað er að tekjur af tryggingagjaldi sem varið er til þessara verkefna aukist jafn mikið umfram það sem áætlað var í fjárlögum.

*1.25 Tekjutrygging örorkulífeyrisþega.* Lagt er til að liðurinn hækki samtals um 1.666 m.kr. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 820 m.kr. með vísan til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að lífeyrisþegar og atvinnulausir njóti hliðstæðra kjarabóta og samið var um í kjarasamningi ASÍ og SA. Hækkunin gildir frá 1. júní 2011. Í öðru lagi er lagt til að fjárheimild liðarins hækki um 596 m.kr. Tillagan byggir á endurmati á áætluðum útgjöldum ársins 2011. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að liðurinn hækki um 250 m.kr. vegna orlofs- og desemberuppbótar með vísan til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að lífeyrisþegar og atvinnulausir njóti hliðstæðra kjarabóta og samið var um í kjarasamningi ASÍ og SA.

## 206 Sjúkratryggingar.

*1.11 Lækniskostnaður.* Lögð er til 1.159 m.kr. hækkun á fjárframlagi til lækniskostnaðar vegna veikleika á árinu 2011 samkvæmt endurmati á útkomu ársins. Skýrist það fyrst og fremst af því að velferðarráðuneytinu hefur ekki tekist að ná fram aðhaldsmarkmiði sem það setti á þetta viðfangsefni sjúkratrygginga í fjárlögum ársins 2010. Útgjöld vegna lækniskostnaðar voru 5.901 m.kr. á árinu 2010, en fjárlög 2011 gera ráð fyrir 4.907 m.kr. Á fyrstu 7 mánuðum ársins 2011 var magnaukning lækniskostnaðar 4% og er gengið út frá að sú aukning sé varanleg, sem þýðir að hækkun á fjárheimild þyrfti að vera um 2,3%. Samningar við lækna eru runnir út og ekki hefur enn tekist að gera nýja samninga. Náist ekki samningar eða ef ekki tekst að ná samningum sem skila umtalsverðum sparnaði er fyrirséður veikleiki á árinu 2011 talinn verða 1.159 m.kr.

*1.15 Lyf.* Lögð er til 392 m.kr. hækkun á fjárframlagi til lyfja í frumvarpinu í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um útkomu á árinu 2011. Sparnaður í ofvirknilyfjum sem var áætlaður 180 m.kr. á árinu 2011 er ekki að skila sér eins og væntingar stóðu til um og er hann nú áætlaður 100 m.kr. Einnig stefnir magnaukning lyfjanotkunar frá fyrra ári í að verða rúmlega 4% en var í fjárlögum áætluð 1%.

*1.16 Lyf með S-merkingu.* Lögð er til 505 m.kr. hækkun á framlagi til S-merktra lyfja í frumvarpinu. Tillagan byggir á endurskoðaðri spá um útgjöld liðarins 2011 miðað við fyrstu 7 mánuði ársins. Útgjöld á árinu 2011 á verðlagi fjárlaga eru áætluð 4.967 m.kr. og er þá reiknað með að 10% magnaukning verði á lyfjanotkuninni milli árána 2010 og 2011. Búið er að taka tillit til áhrifa vegna lækkunar innflutningsverðs og endurskoðunar klínískra leiðbeininga sem ráðgert er að spari 280 m.kr. á árinu 2011 og 93 m.kr. á árinu 2012.

*1.35 Tannlækningar.* Gert er ráð fyrir að fjárheimild vegna greiðsluþátttöku ríkisins í tannlækningum lækki um 261 m.kr. Fjárheimildir vegna útgjaldaliða sjúkratrygginga eru áætlaðar árlega með hliðsjón af nýjum upplýsingum um útstreymi úr greiðslukerfum ásamt forsendum um þróun magns og einingarverða. Í þessari tillögu er um að ræða leiðréttingu á verðlagsforsendum áætlunarinnar einkum vegna mistaka sem gerð voru í verðlagsreikningi fjárlaga ársins 2009 en í þeim útreikningi var fjárheimild vegna tannlækninga hækkuð um 23% þótt vitaskuld hafi engar slíkar hækkanir verið gerðar á einingarverðum. Hefur það orðið til þess að verulegur afgangur hefur myndast á fjárheimild tannlækninga árin 2009 og 2010, sem fellur niður í árslok. Við lækkun fjárheimildarinnar hefur verið tekið tillit til áætlaðs kostnaðar í ár við tímabundið átak í stuðningi við tannlæknaþjónustu við börn tekjulágra foreldra. Þess skal getið í þessu sambandi að ólíkt flestum öðrum liðum fjárlaga hefur engin aðhaldskrafa verið gerð til útgjalda vegna tannlækninga eftir að hafist var handa við að aðlaga ríkisfjármálin að gerbreyttum aðstæðum eftir efnahagsáfallið sem reið yfir haustið 2008.

*1.45 Brýn meðferð erlendis.* Lögð er til 664 m.kr. hækkun á framlögum til þessar liðar með hliðsjón af þróun útgjalda á árinu 2011. Þau eru áætluð um 1.858 m.kr. á verðlagi

fjárlaga 2011 sem þýðir að veikleiki er áætlaður 664 m.kr., en magnaukning á árinu 2011 er áætluð 6%. Það sem meðal annars hefur haft áhrif á aukin útgjöld þessa liðar eru auknar aðgerðir vegna líffæraflutninga á fyrri hluta þessa árs, fleiri legudagar í kringum aðgerðir, fleiri aðgerðir sem framkvæmdir eru á Íslandi þar sem læknað koma erlendis frá auk þess sem að aðgerðir hafa verið færðar erlendis þar sem tækjabúnaður Landspítalans býður ekki upp á bestu meðferð. Að óbreyttu eru horfur á að útgjöld þessa liðar erlendis aukist úr 565 m.kr. árið 2005 í nærri 2 mia.kr. á næsta ári og er ljóst að stýring á þessum útgjöldum er í engu samræmi við fjárheimildir.

*1.55 Sjúkradagpeningar.* Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 10 m.kr. með vísan til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að lífeyrisþegar og atvinnulausir njóti hliðstæðra kjarabóta og samið var um í kjarasamningi ASÍ og SA.

## 208 Slysátryggingar.

*1.16 Kaup og aflahlutur sjómanna.* Farið er fram á að framlag til slysátrygginga sjómanna verði aukið um 67 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af 0,65% iðgjaldi sem lagt er á kaup og aflahlut sjómanna á fiskiskipum.

## 301 Landlæknir.

*1.01 Landlæknir.* Lagt er til að liðurinn hækki samtals um 241,7 m.kr. Með lögum nr. 28/2011 voru Lýðheilsustöð og landlæknisembættið sameinuð í eitt embætti og tók sameiningin gildi 1. maí 2011. Í fyrsta lagi er lagt til að 202,1 m.kr. fjárheimild Lýðheilsustöðvar verði millifærð á fjárlagalið landlæknisembættisins þar sem heppilegra þykir að sameinuð stofnun verði gerð upp í einu lagi í ríkisreikningi 2011. Í öðru lagi er farið fram á 40 m.kr. hækkun á fjárheimild embættisins vegna leiðréttingar á lögbundnu framlagi til tóbaksvarna en árlegt framlag til tóbaksvarna svarar til 0,9 % af brúttósölu tóbaks. Leiðréttingin nemur 3,1 m.kr. vegna ársins 2008, 27,2 m.kr. vegna ársins 2009 og 9,7 m.kr. vegna ársins 2010. Í þriðja lagi er lagt til að 2 m.kr. fjárheimild verði millifærð hingað af fjárlagalið Hagstofu Íslands. Við sameiningu Landlæknis og Lýðheilsustöðvar þann 1. maí sl. fluttist umsjón með dánarmeinaskrá frá Hagstofunni til Landlæknis. Þessi skipan þykir eðlileg þar sem skráin byggist á upplýsingum úr dánarvottorðum sem til verða innan heilbrigðiskerfisins. Fjárhæðin samsvarar kostnaði við hálf tölubúgildi sem flyst milli þessara stofnana. Í fjórða lagi er óskað heimildar til þess að flytja 2,4 m.kr. frá embætti Landlækni til liðarins 08–317–101 Lyfjastofnunar. Tilfnið er að með lögum um sameiningu Landlæknis og Lýðheilsustöðvar mun umsjón og eftirlit með lækningatækjum verða flutt frá landlæknisembættinu til Lyfjastofnunar frá og með 1. maí 2011. Ekki er gert ráð fyrir efnislegri breytingu á verkefninu heldur er talið að sérþekking Lyfjastofnunar á vinnuáferðum við eftirlit með lyfjum og við beitingu ákveðinna verkferla við tækniefirlit geri það að verkum að málaflokkurinn falli vel að verksviði stofnunarinnar.

### 303 Lýðheilsusjóður.

*1.90 Lýðheilsusjóður.* Lagt er til að liðurinn hækki samtals um 131,7 m.kr. Í samræmi við lög nr. 28/2011 tók Lýðheilsusjóður yfir hlutverk Forvarnarsjóðs frá 1. maí 2011. Í fyrsta lagi er lagt til að 135,7 m.kr. fjárheimild Forvarnarsjóðs verði millifærð á nýjan fjárlagalið 08–303 Lýðheilsusjóður þar sem heppilegra þykir að sjóðurinn verði gerður upp í einu lagi í ríkisreikningi 2011. Í öðru lagi er lögð til 4 m.kr. lækkun á fjárveitingu sem fjármögnuð er með tekjum af áfengisgjaldi í samræmi við endurskoðaða tekjuáætlun. Við afgreiðslu fjárlaga var áætlað að tekjur Lýðheilsusjóðs af áfengisgjaldi yrðu 108 m.kr. en nú eru horfur á að tekjurnar verði 104 m.kr. Samkvæmt lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, skal 1% tekna af áfengisgjaldi renna í Lýðheilsusjóð.

### 305 Lýðheilsustöð.

*1.01 Lýðheilsustöð.* Með lögum nr. 28/2011 voru Lýðheilsustöð og landlæknisembættið sameinuð í eitt embætti og tók sameiningin gildi 1. maí 2011. Lagt er til að 202,1 m.kr. fjárheimild Lýðheilsustöðvar verði millifærð á fjárlagalið landlæknisembættisins þar sem heppilegra þykir að sameinuð stofnun verði gerð upp í einu lagi í ríkisreikningi 2011.

*1.90 Forvarnarsjóður.* Í samræmi við lög nr. 28/2011 tók Lýðheilsusjóður yfir hlutverk Forvarnarsjóðs frá 1. maí 2011. Lagt er til að 135,7 m.kr. fjárheimild Forvarnarsjóðs verði millifærð á nýjan fjárlagalið 08–303 Lýðheilsusjóður þar sem heppilegra þykir að sjóðurinn verði gerður upp í einu lagi í ríkisreikningi 2011.

### 317 Lyfjastofnun.

*1.01 Lyfjastofnun.* Óskað er heimildar til þess að flytja 2,4 m.kr. frá liðnum 08–301–101 Landlækni til Lyfjastofnunar. Tilefnið er að með lögum um sameiningu Landlæknis og Lýðheilsustöðvar mun umsjón og eftirlit með lækningatækjum verða flutt frá landlæknisembættinu til Lyfjastofnunar frá og með 1. maí 2011. Ekki er gert ráð fyrir efnislegri breytingu á verkefninu heldur er talið að sérþekking Lyfjastofnunar á vinnuáðferðum við eftirlit með lyfjum og við beitingu ákveðinna verkferla við tæknieftirlit geri það að verkum að málaflokkurinn falli vel að verksviði stofnunarinnar.

### 333 Jafnréttisstofa.

*1.01 Jafnréttisstofa.* Lagt er til að liðurinn lækki samtals um 26,3 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að fjárveiting til verkefnisins Karlar til ábyrgðar sem er í umsjá Jafnréttisstofu hækki um 3,2 m.kr. Í þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum 2011–2014 er lagt til að þetta meðferðarúrræði verði eflt og boðið upp á þjónustu víðar um land. Þjónustan hefur til þessa verið bundin við höfuðborgarsvæðið. Í frumvarpi til fjárlaga 2012 er lögð til sambærileg hækkun á fjárheimild næstu þrjú árin, eða til og með 2014. Í öðru

lagi er óskað heimildar til þess að millifæra 29,5 m.kr. af fjárlagalið 08–333–101 á nýjan fjárlagalið 08–389–148 Fjölmenningarsetur á Ísafirði. Tilefnið er leiðrétting á fjárheimild Fjölmenningarseturs á Ísafirði. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 var gert ráð fyrir að sameina starfsemi Fjölmenningarseturs á Ísafirði og Jafnréttisstofu og sameina fjárheimildir undir Jafnréttisstofu. Horfið var frá þessum fyrirætlunum við vinnslu frumvarpsins án þess að fjárheimild Fjölmenningarseturs væri færð til fyrra horfs.

### 334 Umboðsmaður skuldara.

*1.01 Umboðsmaður skuldara.* Óskað er eftir 240 m.kr. viðbótarfjárheimild til stofnunarinnar. Kostnaður af starfsemi umboðsmanns skuldara er greiddur af lána-stofnunum með sérstöku gjaldi og hefur hækkunin því ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Við gerð fjárlaga 2011 var vitað að mikil óvissa væri um þróun kostnaðar við hina nýju stofnun þar sem ekki lágu fyrir upplýsingar um fjölda einstaklinga eða heimila sem þyrftu að nýta sér úrræði stofnunarinnar né fjölda mála. Afköst stofnunarinnar hafa aukist verulega, sem gerir þó vart betur en að halda í horfinu því mála fjöldi hefur einnig aukist og eru nú óafgreidd um 1.900 mál vegna greiðsluáðlögunar auk þess sem stofnuninni voru falin ný verkefni á árinu. Fjárheimildin byggir á mati velferðarráðuneytisins á rekstraráætlun og verkefnum stofnunarinnar fyrir árið 2011. Unnið er að endurmati á rekstraráætlun fyrir næsta ár og er líklegt að einnig þurfi að gera tillögu um auknar fjárheimildir við 2. umræðu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2012.

### 358 Sjúkrahúsið á Akureyri.

*1.01 Sjúkrahúsið á Akureyri.* Lagt er til að millifært verði 2,5 m.kr. framlag til sjúkrahússins af liðnum 08–279 Sjúkrahús, óskipt til að standa straum af kostnaði við yfir-læknastörf vegna skipulags á sjúkraflugsmálum frá Akureyri.

### 373 Landspítali.

*1.01 Landspítali.* Lagt er til að millifærð verði 495,5 m.kr. fjárheimild til spítalans af liðnum 08–795 St. Jósefsspítali, Sólvangur í kjölfar sameiningar sjúkrasviðs fyrr-verandi St. Jósefsspítala við Landspítalann frá og með 1.2.2011. Var það gert samkvæmt ákvörðun ráðherra til að ná fram nauðsynlegri hagræðingu vegna markmiða um jöfnuð í ríkisfjármálum. Hjúkrunarheimilið Sólvangur verður skilið frá St. Jósefsspítala og rekið tímabundið sem sjálfstæð stofnun undir velferðarráðuneytinu þar til nýtt hjúkrunarheimili mun rísa í Hafnarfirði.

### 379 Sjúkrahús, óskipt.

*1.01 Óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa.* Lagt er til að millifært verði 2,5 m.kr. framlag af liðnum til Sjúkrahússins á Akureyri til að standa straum af kostnaði við yfir-læknastörf vegna skipulags á sjúkraflugsmálum frá Akureyri.

**398 Félagsmál, ýmis starfsemi.**

*1.48 Fjölmenningarsetur á Ísafirði.* Óskað er heimildar til þess að millifæra 29,5 m.kr. af fjárlagalið 08–333–101 á nýjan fjárlagalið 08–389–148 Fjölmenningarsetur á Ísafirði. Tilefnið er leiðrétting á fjárheimild Fjölmenningarseturs á Ísafirði. Í frumvarpi til fjárlaga 2011 var gert ráð fyrir að sameina starfsemi Fjölmenningarseturs á Ísafirði og Jafnréttisstofu og sameina fjárheimildir undir Jafnréttisstofu. Horfið var frá þessum fyrirætlunum við vinnslu frumvarpsins án þess að fjárheimild Fjölmenningarseturs væri færð til fyrra horfs.

**399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.**

*1.16 Lyfjagreiðslunefnd.* Lagt er til að millifærðar verði af þessu viðfangsefni 0,6 m.kr. vegna sameiningar ráðuneyta og breytinga í stjórnarráðinu. Fjárveitingin millifærist til Fjársýslu ríkisins.

*1.17 Visindasiðanefnd.* Lagt er til að millifærðar verði 0,5 m.kr. af þessu viðfangsefni vegna sameiningar ráðuneyta og breytinga í stjórnarráðinu. Fjárveitingin millifærist til Fjársýslu ríkisins.

**401 Öldrunarstofnanir, almennt.**

*1.01 Hjúkrunarheimili, almennt.* Farið er fram á 16,8 m.kr. fjárveitingu á þessum lið til að mæta kostnaði af úrskurði Félagsdóms í máli Sjúkraliðafélags Íslands gegn hjúkrunarheimilunum Garðvangi í Garði og Hlévangi í Reykjanesbæ. Sjúkraliðafélag Íslands fór í mál við hjúkrunarheimilin Garðvang og Hlévang vegna ágreinings um ferðakostnað sjúkraliða sem sækja vinnu til Garðs eða Hlévangs, en búa í öðrum sveitarfélögum og einnig að sjúkraliðar fái ferðatímann metinn til launa. Félagsdómur dæmdi hjúkrunarheimilin til að greiða sjúkraliðum ferðakostnað sem nam 9,5 m.kr. fyrir árin 2009 og 2010 kr. og laun fyrir ferðatíma sem nam 7,3 m.kr. fyrir árin 2006–2010.

*1.13 Óskipt framlag til minni öldrunarstofnana.* Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 25,3 m.kr. vegna eldsumbrotanna í Grímsvötnum og hlaupsins í Múlakvísl. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum 09–989 Ófyrirséð útgjöld hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið. Sjá nánar á bls. 101.

**402 Framkvæmdasjóður aldraðra.**

*6.21 Stofnkostnaður og endurbætur.* Gert er ráð fyrir að fjárheimild sjóðsins lækki um 44,3 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur af gjaldi til sjóðsins og með hliðsjón af niðurstöðu af skattálagningu ársins 2011. Í fjárlögum 2011 hafði verið gert ráð fyrir að gjald til sjóðsins mundi hækka um 4% í 8.736 kr. og að gjaldendur yrðu rúmlega 175 þúsund. Í lögum nr. 164/2010, um ráðstafanir í ríkisfjármálum var gjaldið hækkað í 8.700 og gildistökuákvæði lagagreinarinnar miðað við 1. janúar 2011



en þau mistök gerð að kveðið var á um að gjaldið skyldi notast fyrst við álagningu á árinu 2012. Því er gjaldið óbreytt frá fyrra ári og tekjurnar af gjaldinu ekki eins miklar og gert hafði verið ráð fyrir. Á móti vegur að gjaldendum fækkaði ekki eins mikið og áætlað hafði verið en þeir urðu 176.846 í stað 175.080. Mistökin við hækkun gjaldsins verða leiðrétt í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012 og verður þá miðað við þá 4% hækkun sem átti að koma til á yfirstandandi ári auk 5,1% á næsta ári en til grundvallar því er spá Hagstofu Íslands frá í júlí um verðbólgu innan ársins 2011. Gjaldið er því áætlað 9.182 kr. á árinu 2012.

#### **419 Sólvangur, Hafnarfirði.**

*1.01 Hjúkrunarrými.* Lagt er til millifærðar verði 392,1 m.kr. á þennan fjárlagalið af viðfanginu 08–795 St. Jósefsspítali í kjölfar þess að stofnunin var lögð niður frá og með 1.2.2011. Var að gert samkvæmt ákvörðun ráðherra til að ná fram nauðsynlegri hagræðingu vegna markmiða um jöfnuð í ríkisfjármálum. Hjúkrunarheimilið Sólvangur verður skilið frá St. Jósefsspítala og rekið tímabundið sem sjálfstæð stofnun undir velferðarráðuneytinu þar til nýtt hjúkrunarheimili mun rísa í Hafnarfirði.

#### **429 Barmahlíð, Reykhólum.**

*1.01 Hjúkrunarrými.* Sótt er um 15 m.kr. framlag til heimilisins svo halda starfsemi þess óskertri og komast hjá því að fækka rýmum, en skerðing á fjárveitingu til heimilisins í fjárlögum hefur vegið mjög nærri rekstrarforsendum heimilisins sem er einn stærsti vinnustaðurinn á svæðinu. Gert er ráð fyrir að í framhaldinu tryggi velferðarráðuneytið heimilinu áframhaldandi rekstrargrundvöll innan fjárhagsramma ráðuneytisins. Tillagan er hluti af aðgerðum sem ríkisstjórnin samþykkti þann 5. apríl 2011 til að efla atvinnu og byggð á Vestfjörðum.

#### **726 Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.**

*1.01 Heilsugæslusvið.* Farið er fram á 20 m.kr. fjárveitingu til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða til að mæta kostnaði við samstarfsverkefni um öldrunarþjónustu, einkum á Flateyri. Tillagan er hluti af aðgerðum sem ríkisstjórnin samþykkti þann 5. apríl 2011 til að efla atvinnu og byggð á Vestfjörðum.

#### **787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands.**

*1.01 Heilsugæslusvið.* Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 15,8 m.kr. vegna eldsumbrotanna í Grímsvötnum og hlaupsins í Múlakvísl. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum 09–989 Ófyrirséð útgjöld hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið. Sjá nánar á bls. 101.



## 795 St. Jósefsspítali, Sólvangur.

*1.11 St. Jósefsspítali, Sólvangur.* Lagt er til að millifærðar séu af þessum lið 495,5 m.kr. á fjárlagaliðinn 08–373 *Landspítali* í kjölfar þess að sjúkrasvið fyrrverandi St. Jósefsspítala er sameinað Landspítala frá og með 1.2.2011 samkvæmt ákvörðun ráðherra til að ná fram nauðsynlegri hagræðingu vegna markmiða um jöfnuð í ríkisfjármálum. Hjúkrunarheimilið Sólvangur verður skilið frá St. Jósefsspítala og rekið tímabundið sem sjálfstæð stofnun undir velferðarráðuneytinu þar til nýtt hjúkrunarheimili mun rísa í Hafnarfirði.

*1.21 Hjúkrunarrými.* Lagt er til að millifærðar séu af þessu lið 392,1 m.kr. á fjárlagaliðinn 08–419 *Sólvangur, Hafnarfirði*. Stofnunin St. Jósefsspítali, fjárlagaviðfang 08–795, er lögð niður samkvæmt ákvörðun ráðherra frá og með 1.2.2011 og tekur ný stofnun á gömlum grunni, Sólvangur Hafnarfirði, við rekstri hjúkrunarrýma.

## 841 Vinnumálastofnun.

*1.01 Vinnumálastofnun.* Gerð er tillaga um hækkun fjárheimilda um 18 m.kr. vegna átaks á sviði vinnumarkaðsaðgerða og eflingu menntunar atvinnuleitanda. Heimildinni er ætlað að mæta kostnaðarauka Vinnumálastofnunar við bætt aðgengi atvinnuleitanda og fyrirtækja að starfstengdum úrræðum í tengslum við fjölgun úrræða um allt að 1500 árið 2011. Við það tvöfaldast heildarfjöldi þeirra einstaklinga sem njóta slíkra úrræða. Kostnaður VMST vegna umræddra úrræða og kynningar og auglýsinga er áætlaður 60 m.kr. en þar af nema ný rekstrargjöld um 18 m.kr. Í tengslum við tillögu um 40 m.kr. hækkun á heimild á liðnum 08–851–1.15 *Atvinnuleysistryggingasjóður, Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar*, er hér gerð tillaga um að hækka rekstrarheimild Vinnumálastofnunar um þá fjárhæð og sértekjur frá sjóðnum jafn mikið á móti vegna kostnaðar við verkefnið ÞOR – þekking og reynsla, sem er átaksverkefni stofnunarinnar fyrir langtímaatvinnulaust fólk. Áætlað er að framlengja verkefnið sem nú þegar er talið hafa sparað Atvinnuleysistryggingarsjóði 530 m.kr. á síðari hluta ársins 2010. Nú er fólk boðað til verkefnisins sem hefur verið atvinnulaust í 3 mánuði eða lengur.

## 851 Atvinnuleysistryggingasjóður.

*1.11 Atvinnuleysisbætur.* Lagt er til að liðurinn hækki samtals um 1.996 m.kr. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 846 m.kr. með vísan til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að lífeyrisþegar og atvinnulausir njóti hliðstæðra kjarabóta og samið var um í kjarasamningi ASÍ og SA og gildir hækkunin frá 1. júní 2011. Í tillögunni eru metin áhrif 12.000 kr. hækkunar á bótum Atvinnuleysistryggingasjóðs frá 1. júní 2011 til ársloka 2011. Miðað er við að meðalatvinnuleysi frá júní til desember verði að jafnaði 6,7%. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 800 m.kr. með vísan til fyrrgreindrar yfirlýsingar en í kjarasamningnum er ákvæði um að greiða skuli launþegum 15.000 kr. álag á desemberuppbót. Í fjárheimild-

um sjóðsins hefur ekki verið gert ráð fyrir greiðslu desemberuppbótar. Með álaginu er því reiknað með að desemberuppbót til atvinnulausra geti orðið að hámarki 63.457 kr. (48.456 + 15.000). Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 620 m.kr. með vísan til fyrrgreindrar yfirlýsingar en í kjarasamningnum er kveðið á um 50 þús. kr. eingreiðslu til launþega. Eingreiðsla verður greidd atvinnuleitendum sem hafa verið án vinnu á tímabilinu 20. febrúar til 22. maí og hlutfallslega greiðslu fyrir styttra tímabil. Enginn fær þó lægri fjárhæð en 12.500 enda sé viðkomandi að fullu tryggður (100% bótaréttur). Miðað við 25% bótarétt verður lágmarksfjárhæðin 3.125 kr. Í fjórða lagi er lagt til að fjárheimild liðarins lækki um 270 m.kr. þar sem gert er ráð fyrir að meðalatvinnuleysi ársins verði örlítið minna en áætlað er í fjárlögum 2011. Þar var gert ráð fyrir 7,3% atvinnuleysi en skv. spá Hagstofunnar er það áætlað 7,2%.

*1.15 Umsýslukostnaður Vinnumálastofnunar.* Lögð er til hækkun á fjárheimild þessa viðfangsefnis um 40 m.kr. til að standa straum af greiðslum til Vinnumálastofnunar vegna umsýslu um verkefnið ÞOR – þekking og reynsla, sem er átaksverkefni stofnunarinnar fyrir langtímaatvinnulaust fólk. Áformað er að framlengja verkefnið sem nú þegar er talið hafa sparað Atvinnuleysistryggingarsjóði 530 m.kr. á síðari hluta ársins 2010. Nú er fólk boðað til verkefnisins sem hefur verið atvinnulaust í 3 mánuði eða lengur.

*1.25 Styrkir til fiskvinnslustöðva.* Farið er fram á 200 m.kr. hækkun á fjárheimild til að mæta útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna vinnslustöðvunar í frystihúsum sökum aflabrests og gæftaleysis. Um þessar greiðslur gilda ákvæði laga nr. 51 frá 1995 sem fela í sér að atvinnuleysisbætur fiskvinnslufólks geta verið greiddar til fiskvinnslufyrirtækja þegar þau greiða starfsfólki föst laun í tímabundinni vinnslustöðvun vegna hráefnisskorts í samræmi við kauptryggingarákvæði kjarasamninga. Fjöldi greiðsludaga sem heimilt er að greiða í samfellu er að hámarki 20 dagar en þó aldrei fleiri en 45 á hverju almanaksári. Þróunin hefur verið sú að slíkum vinnustöðvunum hefur fjölgað talsvert.

*1.35 Námskeiðahald, átaksverkefni og önnur úrræði.* Lagt er til að liðurinn hækki samtals um 725 m.kr. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um hækkun fjárheimilda á þessu viðfangsefni um 400 m.kr. í tengslum við átak á sviði vinnumarkaðsaðgerða og eflingu menntunar atvinnuleitanda. Stefnt er að því að skapa námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur haustið 2011 og næstu tvö skólaár á eftir. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að Atvinnuleysistryggingasjóður beri kostnað vegna námsframboðs á haustönn 2011 og er fjárheimildinni ætlað að mæta þeim kostnaði. Í þriðja lagi er lögð til 250 m.kr. hækkun á framlagi til liðarins vegna fjölgunar tímabundinna starfa fyrir námsmenn og atvinnuleitendur sumarið 2011. Í fjórða lagi er lögð til 75 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins vegna móttframlags ríkisins á móti 250 m.kr. framlagi Atvinnuleysistryggingasjóðs svo unnt verði að greiða námsmönnum og atvinnuleitendum laun samkvæmt kjarasamningum í tengslum við tímabundin störf fyrir þá sumarið 2011.

**854 Fæðingarorlof.**

*1.11 Fæðingarorlofssjóður.* Gert er ráð fyrir að fjárheimild Fæðingarorlofssjóðs, vegna fæðingarorlofs foreldra á vinnumarkaði, lækki um 1.213 m.kr. í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um útgjaldahorfur á árinu. Útgjöld sjóðsins hafa lækkað umtalsvert í kjölfar breytinga sem gerðar voru á hámarksgreiðslum úr sjóðnum árin 2009 og 2010. Fæðingum hefur fækkað og dregið hefur úr töku foreldra, einkum feðra, á fæðingarorlofi sl. tvö ár. Samsvarandi breytingartillaga er í frumvarpi til fjárlaga 2012.

*1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar.* Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 24 m.kr. með vísan til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að lífeyrisþegar og atvinnulausir njóti hliðstæðra kjarabóta og samið var um í kjarasamningi ASÍ og SA. Samsvarandi breyting er gerð í frumvarpi til fjárlaga 2012.

**855 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.**

*1.11 Foreldrar langveikra eða alvarlega fatlaðra barna.* Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins hækki um 5 m.kr. með vísan til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að lífeyrisþegar og atvinnulausir njóti hliðstæðra kjarabóta og samið var um í kjarasamningi ASÍ og SA.

**861 Leiguíbúðir.**

*6.21 Leiguíbúðir.* Gert er ráð fyrir að fjárheimild til niðurgreiðslu á vöxtum félagslegra leiguíbúða lækki um 156 m.kr. frá því sem áætlað er í fjárlögum ársins. Í fjárlögunum var miðað við að heimilt væri að veita lán fyrir 150 leiguíbúðum og voru heildarútlán áætluð 3,0 mia. kr. Fyrirséð er að útlánin verða mun minni og er nú áætlað að lánveitingarnar verði um 1 mia.kr. og að fjöldi leiguíbúða verði 50. Skuldbinding ríkissjóðs vegna þessara framlaga til greiðslu vaxta á árinu 2011 er því áætluð 80 m.kr. út lánstímann sem er 50 ár miðað við 5% ávöxtunarkröfu. Nauðsynlegt er að fara nánar í útreikninga á kostnaði ríkissjóðs þar sem forsendur þeirra þ.e. forsendur vaxta og skilgreiningar á endurgreiðsluferlinu í líkaninu sem notað er við útreikninga vaxta-kostnaðarins eru ekki nægjanlega skýrar að mati fjármálaráðuneytisins.

**09 Fjármálaráðuneyti**

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 1.345,5 m.kr.

**101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa.**

*1.01 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa.* Lagt er til að 1,1 m.kr. fjárheimild verði milli-færð frá skrifstofunni til *09–980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga* vegna flutnings umsýslu bifreiðamála Stjórnarráðsins, sjá nánar í skýringum um þann lið á bls. 101.

**103 Fjársýsla ríkisins.**

*1.01 Almennur rekstur.* Lagt er til að liðurinn hækki samtals um 45,7 m.kr. vegna flutnings stofnunarinnar frá Sölvhólsgötu 7 í Vegmúla 3. Í fyrsta lagi er lagt til að 29,9 verði millifærðar vegna þessara flutninga frá velferðarráðuneyti og innanríkisráðuneyti og í öðru lagi er óskað eftir viðbótarfjárveitingu að fjárhæð 15,8 m.kr. vegna aukins kostnaðar á nýjum stað umfram þær fjárveitingar sem millifærðar eru frá öðrum ráðuneytum.

**391 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða.**

*1.11 Jöfnun á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða.* Lögð er til 14,7 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um hlutdeild í tekjum af tryggingagjaldi sem fjármagna þessi framlög. Endurskoðuð áætlun í september 2011 um tryggingagjaldsstofn síðastliðins árs gerir ráð fyrir að stofninn hafi verið 778.000 m.kr. og að framlag til jöfnunar á örorkubyrði almennra lífeyrissjóða verði 2.454 m.kr. eða 0,325% af stofninum að teknu tilliti til 97% innheimtuhlutfalls og hækki um 14,7 m.kr. frá fjárlögum.

**393 Starfsendurhæfingarsjóður.**

*1.11 Starfsendurhæfingarsjóður.* Lagt er til að 250 m.kr. framlag til sjóðsins verði felld niður. Framlag til sjóðsins í fjárlögum tók mið af áformum í stöðugleikasáttmála ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins í tengslum við gerð kjarasamninga árið 2009. Í sáttmálanum var gert ráð fyrir að sjóðurinn fengi 150 m.kr. framlag á árinu 2010, 250 m.kr. árið 2011 og 350 m.kr. árið 2012. Aðilar vinnumarkaðarins sögðu sig frá þessum stöðugleikasáttmála á síðasta ári og óskuðu eftir því með bréfi að framlag til sjóðsins yrði felld niður á árinu 2010. Það var gert í fjáráukalögum ársins 2010 en það láðist að fella framlagið einnig niður í fjárlögum fyrir árið 2011. Í yfirlýsingu ríkisstjórnar í tengslum við nýgerða kjarasamninga er gert ráð fyrir að skipulag starfsendurhæfingarmála verði tekið til sérstakrar skoðunar í nefnd nú á haustmánuðum og mun þá skýrast betur í hvaða farveg þessum málum verður komið.

**811 Barnabætur.**

*1.11 Barnabætur.* Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna barnabóta lækki um 1.200 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum. Barnabætur taka mið af fjölda barna, tekjum framteljenda og þeim upphæðum sem Alþingi ákveður. Endanlegar tölur um tekjur framteljenda á árinu 2010 liggja nú fyrir og er niðurstaðan að úthlutunin verður 1.200 m.kr. lægri en fjárlög ársins gerðu ráð fyrir. Meginástæðan fyrir minni fjárþörf er að tekjutengingu bótanna var breytt frá fyrra ári og hefur komið í ljós að skekkja var í breyttum forsendum útreikninga á kostnaði við bótakerfið þannig að hann var ofmetinn.

**821 Vaxtabætur.**

*1.11 Vaxtabætur.* Óskað er eftir að fjárheimild vegna vaxtabóta verði hækkuð um 500 m.kr. frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins. Að teknu tilliti til úthlutana eftir endurálagningu skatta er reiknað með að heildarútgjöld vegna vaxtabóta í ár verði 12.200 m.kr. Í fjárlögum er gert ráð fyrir 11.700 m.kr. og því vantar 500 m. kr. til að fjárheimildir dugi fyrir útgjöldum. Vegna þróunar vaxtagjalda, tekna og eignastöðu getur verið erfitt að áætla úthlutun vaxtabóta með mikilli nákvæmni á milli ára.

**980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga við Arnarhól.**

*1.01 Rekstur húsnæðis.* Lagt er til að fjárveitingar til liðarins verði hækkaðar um 23,9 m.kr. Í fyrsta lagi er lagt til að millifærðar verði 9 m.kr. af liðnum bifreiðar stjórnarráðsins til Rekstrarfélags Stjórnarráðsbygginga í tengslum við rekstur ráðherrabifreiða. Þann 5. október 2010 samþykkti ríkisstjórnin að fela rekstrarfélaginu umsýslu bifreiðamála í Stjórnarráðinu. Rekstrarfélaginu var þannig falið að móta endurnýjunaráætlun bifreiða og ákveða hvernig slík kaup eigi sér stað. Félaginu var jafnframt falið að gera samninga við olúfélög og aðra aðila eftir atvikum um orkusölu. Þá var félaginu falin umsýslu bifreiða og afleysingar við akstur ráðherra. Bílstjóri fyrrum dómsmála- og mannréttindaráðherra var fluttur til og annast endurnýjun og umsýslu bifreiða í umsjón rekstrarfélagsins. Þá er lagt til að millifærðar verði fjárheimildir af aðalskrifstofum ráðuneyta sem svara til rekstrarkostnaðar bifreiða og fjárheimildir af safnlið fjármálaráðuneytisins á fjárlaganúmer rekstrarfélagsins til endurnýjunar ráðherrabifreiða.

<i>Millifært til Rekstrarfélags Stjórnarráðsbygginga</i>	m.kr.
01-101 Forsætisráðuneyti .....	1,5
02-101 Mennta- og menningarmálaráðuneyti .....	1,1
03-101 Utanríkisráðuneyti .....	1,5
04-101 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti .....	2,0
06-101 Innanríkisráðuneyti .....	2,4
08-101 Velferðarráðuneyti .....	1,5
09-101 Fjármálaráðuneyti .....	1,1
11-101 Iðnaðarráðuneyti .....	1,2
12-101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti .....	1,1
14-101 Umhverfisráðuneyti .....	1,5
<b>Samtals .....</b>	<b>14,9</b>

**989 Ófyrirséð útgjöld.**

*1.90 Ófyrirséð útgjöld.* Óskað er eftir því að fjárheimildir liðarins verði hækkaðar um 2,5 mia.kr. til að standa undir millifærslum í nokkrum liðum. Gert er ráð fyrir því með þessari tillögu að á liðnum verði eftir nokkur fjárveiting þannig að unnt verði að bregðast við óvæntum ófyrirséðum útgjöldum það sem eftir er af árinu. Í fyrsta lagi er um að ræða millifærslu vegna kjarasamninga. Gengið var frá kjarasamningum við nær

öll stéttarfélög ríkisstarfsmanna á árinu með sambærilegum eingreiðslum og launahækkunum og samið var um á almennum vinnumarkaði. Felur það í flestum tilfellum í sér 75 þús.kr. eingreiðslur og 4,25% launahækkun 1. júlí og að síðan 3,5% hækkun 1. mars 2012 og loks 3,25% hækkun 1. mars 2013 og því til viðbótar 38 þús.kr. eingreiðsla í lok samningstímans. Samkvæmt mati á kostnaðaráhrifum kjarasamninganna aukast útgjöld ríkissjóðs vegna þeirra um 5,3 mia.kr. á seinni helmingi yfirstandandi árs. Gert er ráð fyrir að ráðstafa þurfi um 1,7 mia.kr. af fjárheimild liðarins til að mæta ýmsum öðrum kostnaði, s.s. endurmati á gengisförsendum fjárveitinga, endurmati á launaförsendum vegna nokkurra fyrri kjarasamninga, bótum vegna eldgosa o.fl. Afgangurinn af fjárheimild liðarins, 3,3 mia.kr., nýttist upp í kostnað við kjarasamningana. Í öðru lagi er óskað eftir að 23 m.kr. verði millifærðar af þessum lið til Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Vegna nýlegs jarðraks í Almannagjá er nauðsynlegt að gera lagfæringar á veginum í gjánni til að greiða fyrir umferð gangandi gesta um svæðið. Í þriðja lagi er óskað eftir millifærslu vegna eldgossins í Grímsvötnum og hlaupsins í Múlakvísl. Í kjölfar eldgosanna í Eyjafjallajökli og á Fimmvörðuhálsi var skipaður samráðshópur ráðuneytisstjóra fimm ráðuneyta til að leggja mat á kostnað þeirra aðila sem komu að aðstoð meðan á eldsumbrotunum stóð og þeirra sem komið hafa að uppbyggingu í kjölfar hamfaranna. Samráðshópurinn hefur starfað áfram eftir að eldsumbrot hófust í Grímsvötnum og hlaup varð í Múlakvísl. Samtals er metið að kostnaður þeirra aðila sem að málum hafa komið vegna eldsumbrotanna á þessu ári sé 321,4 m.kr og skiptist þannig:

<i>Kostnaður vegna eldsumbrota í Grímsvötnum og hlaups í Múlakvísl</i>	m.kr.
02-203-101 Raunvísindastofnun Háskólans .....	9,7
04-853-101 Bjargráðasjóður .....	80,0
06-303-101 Ríkislögreglustjóri .....	27,8
06-310-101 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu .....	0,6
06-428-120 Lögreglan á Eskifirði .....	0,8
06-431-120 Lögreglan á Hvolsvelli .....	1,6
06-433-120 Lögreglan á Selfossi .....	1,3
06-651-510 Vegagerðin .....	82,5
08-401-101 Hjúkrunar- og dvalarheimili .....	25,3
08-787-101 Heilbrigðisstofnun Suðurlands .....	15,8
09-999-190 Ýmis verkefni .....	26,2
14-412-101 Veðurstofa Íslands .....	9,8
14-231-101 Landgræðsla ríkisins .....	40,0
<b>Samtals .....</b>	<b>321,4</b>

### 999 Ýmislegt.

*1.11 Endurmenntun og starfsmenntunarsjóðir.* Óskað er eftir 39,5 m.kr. aukaframlagi á þessu viðfangsefni vegna fimm bókana í kjarasamningum háskólamanna við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Í fyrsta lagi er 4 m.kr. framlag samkvæmt bókun 2 í kjarasamningnum.

samningi aðildarfélaga BHM og fjármálaráðherra dags. 6. júní 2011. Framlagið er vegna ýmissa þátta mannauðsmála sem aðilar hafa unnið sameiginlega að á samningstímanum og munu gera áfram. Í öðru lagi er um að ræða 30 m.kr. samkvæmt bókun 6 í sama kjarasamningi, sem er framlag til Starfsþróunarseturs háskólamanna. Starfsþróunarsetrið er samstarfsverkefni BHM og fjármálaráðherra. Þessum fjármunum er ætlað að styrkja stöðu einstaklinga í sjóðnum skv. reglum sem sjóðstjórnin setur. Í kjarasamningum Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands, Stéttarfélags verkfræðinga og Lyfjafræðingafélagi Íslands sem gerðir voru í júní 2011 fylgdu bókanir sem eru allar sambærilegar. Í kjarasamningi aðila frá júní 2008 var stefnt að samstarfi háskólamanna hjá ríkinu á vettvangi starfsmenntunarmála. Ekki tókst að efna til jafnviðtæks samstarfs og stefnt var að og voru aðilar sammála um að framlag í starfsmenntunarsjóði félaganna yrði eins og kveðið er á um í bókunum með kjarasamningum þeirra. Í tilviki tæknifræðinga er um 1,6 m.kr. framlag að ræða, í tilviki verkfræðinga er um 3,1 m.kr. framlag og í tilviki lyfjafræðinga um 0,75 m.kr. að ræða.

*1.90 Ýmis verkefni.* Lagt er til að framlag til liðarins verði aukið um 26,2 m.kr. vegna eldsumbrotanna í Grímsvötnum og hlaupsins í Múlakvísl. Lagt er til að fjárveitingin verði flutt af liðnum *09–989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið. Sjá nánar á bls. 101

*6.11 Bifreiðar Stjórnarráðsins.* Lagt er til að millfærðar verði 9 m.kr. af þessu viðfangsefni til *09–980 Rekstrarfélag Stjórnarráðsbygginga* í tengslum við rekstur ráðherrabifreiða vegna flutnings umsýslu bifreiðamála Stjórnarráðsins, sjá nánar í skýringum um þann lið á bls. 101.

## 11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 422,8 m.kr.

### 101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.

*1.01 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa.* Lagt er til að 1,2 m.kr. fjárheimild verði milli-færð frá skrifstofunni til *09–980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga* vegna flutnings umsýslu bifreiðamála Stjórnarráðsins, sjá nánar í skýringum um þann lið á bls. 101.

### 299 Iðja og iðnaður, framlög.

*1.19 Staðlaráð.* Lögð er til 2 m.kr. hækkun á fjárheimild í ljósi endurskoðaðrar áætlunar um tekjur af tryggingagjaldi, en 0,007% teknanna renna til Staðlaráðs.



**373 Niðurgreiðslur á húshitun.**

*1.11 Niðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis.* Óskað eftir 50 m.kr. framlagi til lagningar hitaveitu frá Blönduósi að Skagaströnd. Í fjárukalögum 2008 var veitt 50 m.kr. heimild til lagningar hitaveitunnar en af verkefninu varð ekki þar sem efnahagsástand olli því að lánsfjármögnun brást. RARIK og heimamenn munu leggja fjármagn til verkefnisins en með framlagi ríkisins verður hægt að tryggja að ráðist verði í verkefnið og það boðið út á árinu 2011. Því er um að ræða endurnýjaða fjárheimild vegna þessa verkefnis sem ekki varð af á árinu 2008.

**399 Ýmis orkumál.**

*1.24 Notendur utan samveitna.* Óskað er eftir 70 m.kr. framlagi til að mæta auknum kostnaði við raforkuframleiðslu með díselvélum vegna hækkandi eldsneytisverðs. Raforkunotendur í Grímsey, Flatey og Inndjúpi Vestfjarða reiða sig að mestu á raforkuframleiðslu með dísilvélum. Iðnaðarráðuneytið hefur gert samning við raforkuframleiðendur um að þeir framleiði raforku fyrir neytendur á þessum svæðum og selji á sama verði og til notenda á öðrum svæðum, en iðnaðarráðuneytið hefur skuldbundið sig til þess að greiða mismun framleiðslukostnaðar og innkaupsverðs. Samfara hækkandi eldsneytisverði hefur framleiðslukostnaður raforku með þessum hætti hækkandi verulega frá árinu 2008. Nú liggur fyrir lokauppgjör við framleiðendur vegna árána 2008 og 2009, sem sýnir að greiðsluframlag ríkisins til framleiðenda samkvæmt viðmiðun fylgdi ekki hækkun framleiðslukostnaðar. Eins er óuppgerð skuld við framleiðendur vegna ársins 2010 vegna sömu hækkana og fjárheimildir ársins 2011 duga ekki fyrir skuldbindingum. Til þess að mæta þessum kröfum er lagt til að heimilað verði að verja 70 m.kr. til þess að greiðsluskuldbindingum umfram fjárheimildir á árinu 2011 á fjárlagaliðnum notendur utan samveitna og gera upp skuldbindingar við framleiðendur raforku frá fyrri árum.

**411 Byggðastofnun.**

*1.10 Byggðastofnun.* Lagt er til að veitt verði 2 m.kr. styrkur til Byggðastofnunar til að meta áhrif efnahagshrunsins eins og það kemur fram í niðurskurði ríkisútgjalda, bæði heildaráhrif á samfélagið og á einstaka landshluta, karla og konur í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar á fundi 19. apríl. sl. Byggðastofnun hefur gert verklýsingu og unnið kostnaðaráætlun sem gerir ráð fyrir að kostnaður við verkefnið verði um 4 m.kr. Þar af mun stofnunin leggja fram 2 m.kr.

**599 Ýmis ferðamál.**

*1.44 Markaðssókn í íslenskri ferðaþjónustu.* Lagt er til að veitt verði 300 m.kr. framlag á þessu ári til samræmis við samþykkt ríkisstjórnar um að stofna til átaks til þess að jafna árstíðasveiflu í ferðamennsku með því að efla vetrarferðamennsku og skapa



þannig ný störf og auka arðsemi í greininni. Þessi áform koma einnig fram í yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gaf í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Gengið er út frá því að fyrirtæki í ferðaþjónustu, sveitarfélög og hagsmunaaðilar leggi fjármuni til verkefnisins til jafns við framlag ríkisins. Komið verður á fót aðilastjórn þeirra sem skuldbinda sig með mótframlögum en hlutverk hennar verður að móta megin stefnu og áherslur verkefnisins. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2012 er gerð sambærileg tillaga um tímabundið framlag til verkefnisins þannig að samtals verði veittar til þess 900 m.kr. á yfirstandandi og næstu tveimur árum.

## 12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild efnahags- og viðskiptaráðuneytis verði aukin um 71,1 m.kr.

### 101 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.

*1.01 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa.* Lagt er til að fjárveiting hækki samtals um 7,1 m.kr. sem skýrist af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er lögð til 8,2 m.kr. framlag vegna flutnings ráðuneytisins frá Sölvhólgötu 7 í Skuggasund 3 í tengslum við breytta húsnæðisþörf vegna sameiningar ráðuneyta og breytinga í stjórnarráðinu. Fjárveitingin er flutt af fjárveitingum innanríkisráðuneytisins. Í öðru lagi er lagt til að 1,1 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá skrifstofunni til *09-980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga* vegna flutnings umsýslu bifreiðamála Stjórnarráðsins, sjá nánar í skýringum um þann lið á bls. 101.

### 501 Hagstofa Íslands.

*1.01 Hagstofa Íslands.* Lagt er til að fjárveiting liðarins hækki um 64 m.kr. sem skýrist af tveimur tilefnum. Í fyrsta lagi er óskað eftir 66 m.kr. framlagi vegna gerðar manntals og til að efla landbúnaðartölfræði. Á móti fjárheimild samkvæmt þessari tillögu er gert ráð fyrir að komi 66 m.kr. óafturkræfir styrkir til íslenska ríkisins frá Evrópusambandinu sem færast á tekjuhlið og hafa verkefnin að því leyti til ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs. Um er að ræða 40 m.kr. styrk til manntalsgerðar og 26 m.kr. vegna landbúnaðartölfræði. Auk þess er áformað að í ár nýti Hagstofan 20 m.kr. af yfirfærðum afgangsheimildum frá fyrri árum til manntalsverkefnisins. Í öðru lagi er lagt til að 2 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá Hagstofunni á fjárlagalið *08-301-1.01 Landlæknir*. Við sameiningu Landlæknis og Lýðheilsustöðvar þann 1. maí sl. fluttist umsjón með dánarmeinaskrár frá Hagstofunni til Landlæknis. Þessi skipan þykir eðlileg þar sem skráin byggist á upplýsingum úr dánarvottorðum sem til verða innan heilbrigðiskerfisins. Fjárhæðin samsvarar kostnaði við hálf tölubúgildi sem flyst milli þessara stofnana.

## 14 Umhverfissráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfissráðuneytis verði aukin um 1.122,8 m.kr.

### 101 Umhverfissráðuneyti, aðalskrifstofa.

*1.01 Umhverfissráðuneyti, aðalskrifstofa.* Lagt er til að 1,5 m.kr. fjárheimild verði millifærð frá skrifstofunni til *09–980 Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga* vegna flutnings umsýslu bifreiðamála Stjórnarráðsins, sjá nánar í skýringum um þann lið á bls. 101.

### 190 Ýmis verkefni.

*1.98 Ýmis framlög umhverfissráðuneytis.* Sótt er um 3,5 m.kr. framlag til eflingar Melrakkaseturs á Vestfjörðum og ferðaþjónustu á svæðinu. Miðað er við að gerður verði þjónustusamningur milli umhverfissráðuneytis og Melrakkaseturs Íslands ehf. sem er fræðasetur helgað melrakkanum. Síðastliðið sumar opnaði setrið sýningu þar sem ýmis fræðsla er í boði um líffræði melrakkans, stöðu á heimsvísu, rannsóknir, nýtingu og veiðar. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2012 er sótt um jafn hátt tíma-bundið framlag. Tillagan er hluti af aðgerðum sem ríkisstjórnin samþykkti þann 5. apríl 2011 til að efla atvinnu og byggð á Vestfjörðum.

### 211 Umhverfisstofnun.

*1.01 Umhverfisstofnun.* Lagt er til að liðurinn hækki samtals um 31 m.kr. Í fyrsta lagi er farið fram á 16 m.kr. fjárveitingu vegna kostnaðar við að innleiða tilskipun um viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir. Ísland varð formlegur þátttakandi í viðskiptakerfinu árið 2007 þegar tilskipun 2003/87/EB og tengdar gerðir voru teknar upp í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES–nefndarinnar nr. 146/2007. Losun rekstraraðila sem féllu undir gildissvið tilskipunarinnar á þeim tíma var óveruleg hér á landi og var Ísland því að mestu leyti undanþegið kröfum tilskipunarinnar og reglur viðskiptakerfisins af þeim sökum ekki leiddar í íslensk lög. Á undanförunum misserum hafa talsverðar breytingar verið gerðar á reglum um viðskiptakerfið og gildissvið þess verið rýmkað og mun það ná til flugstarfsemi frá 1. janúar 2012 og ýmissar iðnaðarstarfsemi, þ.m.t. framleiðslu á áli og járnblendi, frá 1. janúar 2013. Forsendur þess að undanskilja rekstraraðila á Íslandi verða þá ekki lengur fyrir hendi og segja má að kerfið muni virkjast í heild sinni 1. janúar 2012 þegar fyrirtæki sem stunda flugstarfsemi hér á landi verða háð losunarheimildum. Tilskipunin var innleidd í íslenskan rétt með lögum nr. 64/2011 og undirbúningsvinna að framkvæmd hennar er þegar hafin. Hinar nýju reglur fela í sér breytingar á réttarumhverfi fyrirtækja sem heyra munu undir viðskiptakerfið hér á landi og hafa í för með sér breytingar á starfsemi stjórnvalda í þessum málaflokki og auka við verkefni Umhverfisstofnunar.

Veigamestu þættir í framkvæmd laganna eru bókhald yfir losun gróðurhúsalofttegunda, umsjón skráningarkerfis, úthlutun leyfisveitinga, eftirlit með losun koldíoxíðs ásamt úthlutun til flugrekstraraðila. Í öðru lagi er sótt um 15 m.kr. fjárveitingu til reksturs Látrabjargstofu. Gert er ráð fyrir 1½ stöðugildi hjá stofunni og að hún hafi umsjón og eftirlit með svæðinu sem kennt er við Látrabjarg – Rauðasand, með möguleika á að tengja starfsemina við friðlandið í Vatnsfirði og náttúruvættið Dynjanda, og stuðli að varðveislu náttúruminja. Einnig er það markmið að stofan myndi tengsl við núverandi starfsemi á svæðinu t.d. á sviði náttúrufarsrannsókna við Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík vegna vöktunar, byggðasafna í héraði, forleifaverndar og annarrar menningartengdrar starfsemi. Gert er ráð fyrir að þetta efli framangreinda starfsemi, geri hana skilvirkari og auki möguleika á fjölbreytileika í ferðaþjónustu til lengri tíma litið. Svæðið er fjölsótt ferðamannasvæði og nauðsynlegt að hafa um það skilvirka stjórn í samvinnu aðila og auka með því möguleika þess til framtíðar og efla atvinnu-starfsemi á svæðinu. Tillagan er hluti af aðgerðum sem ríkisstjórnin samþykkti þann 5. apríl 2011 til að efla atvinnu og byggð á Vestfjörðum.

### **231 Landgræðsla ríkisins.**

*1.01 Landgræðsla ríkisins.* Lögð er til 40 m.kr. hækkun á fjárheimild stofnunarinnar vegna eldsumbrotanna í Grímsvötnum og hlaupsins í Múlakvísl. Gert er ráð fyrir að fjárheimildin verði flutt af liðnum *09–989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið. Sjá nánar á bls. 101

### **289 Endurvinnslan hf.**

*1.10 Endurvinnslan hf., skilagjald og umsýsluþóknun.* Lögð er til 840 m.kr. hækkun á fjárheimild liðarins sem alfarið er fjármögnuð með ríkistekjum af skilagjaldi og umsýsluþóknun á einnota drykkjarvöruumbúðir úr áli, stáli, gleri og plastefni. Fjárheimild í gildandi fjárlögum miðast við hálf t.ár þar sem við afgreiðslu fjárlaga var reiknað með að fjármögnun á kostnaði við endurvinnslu þessara umbúða myndi færast frá ríkinu á miðju þessu ári með upptöku framleiðendaábyrgðar á endurvinnslu umbúðanna í samræmi við lagafrumvarp þar um. Ákvæði frumvarpsins þess efnis hlutu hins vegar ekki brautargengi á Alþingi og verður fyrirkomulag þessara mála því óbreytt hvað varðar gjaldtöku á vegum ríkisins til að kosta söfnun og endurvinnslu þessara umbúða.

### **381 Ofanflóðasjóður.**

*6.60 Ofanflóðasjóður.* Óskað er eftir 200 m.kr. framlagi úr Ofanflóðsjóði vegna kostnaðar við endurhönnun og viðgerðir á snjóflóðavarnargarði sem úr hrundi á árinu 2009 og verið er að reisa fyrir ofan Bolungarvík. Megin niðurstaða sérfræðihóps sem falið var að leggja mat á orsakir þess að úr garðinum hrundi var að hönnun netgrinda

og stoðkerfis stæðist ekki kröfur. Endurhanna þurfti stoðvirki varnargarðsins og semja að nýju við verktaka. Framkvæmdir við garðinn eru nú vel á veg komnar og stefnt er að því að ljúka allri grófvinnu í nóvember á þessu ári en biða með lokafrágang fram á sumar. Eftir er ná niðurstöðu í skiptingu tjónsins milli aðila og ekki er ólíklegt að það verði útkljáð fyrir dómstólum þar sem erlendu framleiðandi stoðvirkjanna hefur hafnað bótaskyldu.

#### 412 Veðurstofa Íslands.

*1.01 Almennur rekstur.* Lögð er til 9,8 m.kr. hækkun á fjárheimild stofnunarinnar vegna eldsumbrotanna í Grímsvötnum og hlaupsins í Múlakvísl. Gert er ráð fyrir að fjárheimildin verði flutt af liðnum *09–989 Ófyrirséð útgjöld* hjá fjármálaráðuneytinu og lækkar fjárheimild þess liðar því jafn mikið. Sjá nánar á bls. 101.

### 19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild vegna vaxtagjalda verði lækkuð um 6.341 m.kr.

#### 801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

*1.10 Vaxtagjöld ríkissjóðs.* Endurskoðuð áætlun um vaxtagjöld ríkissjóðs árið 2011 bendir til þess að gjaldfærðir vextir lækki um 6.342 m.kr. frá því sem reiknað var með í fjárlögum fyrir árið 2011 og verði 67.312 m.kr. og að greiddir vextir lækki um 4.003 m.kr. og verði 67.419 mkr. Mismunur á gjaldfærðum og greiddum vöxtum stafar aðallega af því hvenær lántökur, innaborganir og gjalddagar falla til á árinu og eins vegna mismunar á milli nafnvaxta skuldabréfa og þeim kjörum sem ríkissjóður nýtur í útboðum skuldabréfa hverju sinni.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2011	Áætlun 2011	Breyting frá fjárl. m.kr.	Breyting frá fjárl. %
Erlend lán .....	17.675	17.570	-105	-0,6
Ríkisbréf og ríkisvixlar .....	36.682	31.910	-4.772	-13,0
Önnur innlend lán .....	2.813	2.404	-409	-14,5
Seðlabanki vegna veð- og daglána .....	4.084	4.160	76	1,9
Endurfjármögnun banka .....	9.340	8.509	-831	-8,9
Annar vaxtakostnaður og lántökukostnaður .....	3.060	2.760	-300	-9,8
<b>Samtals .....</b>	<b>73.654</b>	<b>67.313</b>	<b>-6.341</b>	<b>-45,0</b>

Lækkun vaxtagjalda á milli áætlunar fjárlaga 2011 og endurmats nú skýrist að mestu leyti af vaxtalækkunarferli Seðlabankans sem ásamt gjaldeyrishöftum hafa leitt til lægri ávöxtunarkröfu í útboðum ríkisverðbréfa. Að auki hefur vaxtalækkun Seðlabanka leitt til

lækkunar vaxta af skuldabréfum sem gefin voru út til endurfjármögnunar viðskiptabankanna en vextir þeirra bréfa taka mið af innlánsreikningum viðskiptastofnana hjá Seðlabanka Íslands.